



Fjölmennningarlegt leikskólastarf

Hvað ber leikskólakennurum að hafa í huga þegar unnið er með fjölmennningarlegum barnahópi?

Kolbrún Kristjánsdóttir
Tinna Björk Haraldsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Fjölmenningarlegt leikskólastarf

Hvað ber leikskólakennurum að hafa í huga þegar unnið er með fjölmenningarlegum barnahópi?

Kolbrún Kristjánsdóttir

Tinna Björk Haraldsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Fjölmennningarlegt leikskólastarf

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í leikskólakennarafræði við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2014 Kolbrún Kristjánsdóttir og Tinna Björk Haraldsdóttir
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Samskipti
Reykjavík, Ísland 2014

Ágrip

Ritgerð þessi er lokaverkefni okkar til fullnaðar B.Ed gráðu í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands árið 2014. Viðfangsefni ritgerðarinnar er fjölmennningarstarf leikskóla og fjölmennningarleg kennsla þar sem markmiðið er að svara spurningunni: Hvað ber leikskólakennurum að hafa í huga þegar unnið er með fjölmennningarlegum barnahópi? Leitast var við að svara spurningunni með því að skoða bæði íslensk og erlend fræðiskrif ásamt því að rýna í Hagstofu Íslands, Aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ýmsar stefnumótanir er varða innflytjendur og börn þeirra. Niðurstöður ritgerðarinnar leiddu það í ljós að huga þarf að mörgu þegar kemur að vinnu með fjölmennningarlegum barnahópi. Vinna þarf markvisst að fjölmennningarlegri kennslu sem felur það í sér að virða menningu og tungumál allra, stuðla að góðu foreldrasamstarfi og farsælli aðlögun við komu í leikskólann. Einnig þarf að sjá til þess að öll börn fái notið sín sem einstaklingar og að börn fái sérstakan stuðning þegar þau þurfa á því að halda. Í leikskólanum þarf að vera fjölbreytt náms- og leikefni og tryggja skal að innan leikskólanna ríki fordómaleysi.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Fjölmening	8
2.1 Fjölmening á Íslandi.....	10
2.1.1 Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda	13
2.1.2 Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar	14
2.2 Fjölmening í leikskóla	15
2.2.1 Fjölmeningarstefnur leikskóla	18
3 Móðurmál.....	21
4 Tvítýngi.....	24
5 Fjölmeningarleg kennsla í leikskólum	28
5.1 Fjölmeningarleg kennsla.....	28
5.2 Mikilvægi þess að ýta undir menningu barna í leikskólum	31
5.3 Sérstakur stuðningur við tvítýngd börn í leikskólastarfi.....	34
5.4 Fjölbreytt námsefni og leikur	35
5.5 Aðlögun.....	36
5.6 Samstarf við foreldra	39
5.7 Fjölsýni og fordómaleysi.....	42
6 Lokaorð.....	44
Heimildaskrá	46

Formáli

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálf(ar/ir) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, 6. maí 2014

Kolbrún Kristjánsdóttir og Tinna Björk Haraldsdóttir

1 Inngangur

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og felst það meðal annars í auknum fjölda erlendra ríkisborgara á Íslandi sem árið 2013 voru 21.446 talsins eða 6,7% af heildarmannfjölda Íslands (Hagstofa Íslands, 2013). Fjölgun erlendra ríkisborgara verður til þess að börnum með erlent ríkisfang og erlent móðurmál fjölgar innan íslenska skólakerfisins. Þetta kemur einnig skýrt fram ef skoðaðar eru tölur frá Hagstofu Íslands (2013) þar sem kemur fram að árið 2012 voru 1031 barn með erlent ríkisfang í leikskólum landsins og 2062 börn með erlent móðurmál eða 10,5% af öllum leikskólabörnum landsins (Hagstofa Íslands, 2013). Kröfur leikskólakennara aukast í samræmi við stækkun erlenda barnahópsins og þurfa þeir að vera í stakk búnir til að takast á við fjölmennningarlegan barnahóp. Einnig þurfa kennarar ávallt að hafa það í huga að í leikskólanum beri að gæta að jafnrétti og að allir fái að njóta sín sem einstaklingar. Kemur þetta fram í Aðalnámskrá leikskóla (2011) en þar er greint frá því að jafnréttismenntun sé ein leið skólakerfisins og kennarastéttarinnar í því að hjálpa samfélaginu til að aðlagast nýjum og breyttum aðstæðum samfélagsins. Jafnréttismenntun felur það í sér að kenna börnum að greina í sundur hvað það er í samfélaginu sem veldur mismunum og forréttindum fólks. Jafnframt segir í 2. gr. Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna að “aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ættneris eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns”.

Lagt er upp með ritgerðarspurninguna:

Hvað ber leikskólakennurum að hafa í huga þegar unnið er með fjölmennningarlegum barnahópi?

Leitast verður við að svara framangreindri spurningu með því að fara yfir fræðileg skrif bæði íslenskra og erlendra fræðimanna er varða leikskólann, fjölmenningu og

fjölmenningarlega kennslu. Stuðst verður við Aðalnámskrá leikskóla (2011), Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1992) og ýmsar stefnumótanir er varða innflytjendur og börn þeirra.

Í byrjun ritgerðar verður farið yfir fjölmenningu í víðu samhengi orðsins og hún tengd við íslenskt samfélag og leikskóla. Hanna Ragnarsdóttir (2007c) segir að allir séu fjölmenningarlegir þar sem fólk í nútímasamfélagi geti ekki farið í gegnum líf sitt án þess að kynnast annarri menningu en sinni eigin. Með þessu á hún við að einstaklingar kynnist, læri og jafnvel skapi ólíkar menningar í fjölskyldum sínum, skólum, jafningjahópum og á vinnustöðum og þar með búi einstaklingurinn yfir menningarlegum margbreytileika samfélags síns (Hanna Ragnarsdóttir, 2007c). Hugtökin móðurmál og tvítyngi verða skilgreind hvert um sig, þar sem þau gegna veigamiklu hlutverki í fjölmenningarlegri kennslu. Farið verður yfir mikilvægi þessara hugtaka í tengslum við leikskólastarf með fjölmenningarlegum barnahópi.

Skoðað verður hvað fjölmenningarleg kennsla felur í sér og farið verður yfir hvaða þætti innan hennar ber að vinna með í leikskólastarfi. Fjölmenningarleg kennsla er námsaðferð sem stuðlar að því að allir njóti sömu réttinda til náms óháð kyni, þjóðerni eða félagslegri stöðu (Banks 2010). Einblínt verður á hlutverk kennarans þegar kemur að fjölmenningarlegri kennslu, mikilvægi þess að ýta undir menningu barnanna í leikskólanum og farið verður yfir hvaða þætti þarf að hafa í huga þegar kemur að sérstökum stuðningi við tvítyngd börn. Náms efni og leikur í tengslum við fjölmenningarlegan barnahóp verður útlistað í sérkafla sem og aðlögun erlendra foreldra og barna inn í leikskólasamfélagið. Samstarf heimilis og skóla verður tekið fyrir og skoðað. Einnig verður skoðað mikilvægi þess að kennarar móti sér víðsýnar skoðanir og endurspegli fordómaleysi í umhverfi sínu og viðhorfi í vinnu með börnum. Að lokum eru dregnar saman niðurstöður um efnið.

2 Fjölmennning

Í þessum kafla verður fjallað um fjölmenningu og þær kenningar sem komið hafa fram er varðar skilgreiningar nokkurra fræðimanna á hugtakinu menning. Hver einstaklingur lifir og hrærist í mörgum mismunandi menningarheimum á sama tíma svo sem í fjölskyldum, skólum og vinahópum og þessar mismunandi menningar mynda fjölmennningarlegan heim einstaklingsins.

Erickson (2010) og Hanna Ragnarsdóttir (2007c) eru sammála um það að menning mótist og sé mótuð af því námi og þeirri kennslu sem á sér stað í daglegu lífi okkar og í gegnum allt okkar líf hvort sem það er í fjölskyldum, skólum, samfélaginu eða á vinnustöðum okkar. Sagt er að við byrjum að læra menningu okkar í móðurkviði og hættum að læra hana þegar við deyjum. Fólk lærir oft mismunandi tegundir af menningu og það getur líka vanið sig af ákveðinni menningu, sum atriði innan menningar eiga það til að breytast í gegnum tíðina en önnur geta haldist eins í gegnum mannsævi og jafnvel yfir margar kynslóðir. Menning er breytileg á milli einstaklinga og/eða hópa vegna þess að efnislegur heimur okkar, það sem við sjáum, vitum og viljum, er byggður á menningu okkar og vegna þess að menning er breytileg þá lifir fólk ekki í sama efnislega heiminum þó svo megi virðast. Ef tveir einstaklingar mæta á það sem virðist vera sami atburðurinn þá munu þessir einstaklingar aldrei upplifa þennan atburð á nákvæmlega sama hátt. Því má segja að einstaklingslega og sameiginlega búum við til menningarheima sem þar af leiðandi eru fjölmennningarlegir (Erickson, 2010; Hanna Ragnarsdóttir, 2007c). Út frá þessu sem segir hér að ofan dregur Hanna Ragnarsdóttir (2007c) þær ályktanir að allir tilheyri einhverri ákveðinni menningu en það er mismunandi hversu mikil völd og hversu mikla virðingu sú menning hefur samanborið við aðrar menningar. Hanna segir einnig að allt fólk sé fjölmennningarlegt þar sem fólk í nútímasamfélagi geti ekki farið í gegnum allt sitt líf án þess að kynnast annarri menningu en sinni eigin. Með þessu á hún við að einstaklingar kynnist, læri og jafnvel skapi ólíkar menningar í fjölskyldum sínum, skólum, jafningjahópum og á vinnustöðum og þar með búi einstaklingurinn yfir menningarlegum margbreytileika samfélags síns (Hanna Ragnarsdóttir, 2007c).

Erickson (2010) lýsir menningu í skrifum sínum á þann hátt að menning er inni í okkur og allt í kringum okkur líkt og andrúmsloftið sem við öndum að okkur. Í umfangi

sínu og útbreiðslu er menning persónuleg, kunnugleg, samfélagsleg, stofnanaleg, þjóðfélagsleg og hnattræn. Þrátt fyrir það er oft mjög erfitt að skilgreina hugtakið menning því þegar við lifum og hrærumst í ákveðinni menningu þá verður hún svo venjuleg að við hættum að taka eftir henni. Við hættum að hugsa um uppbyggingu og einkenni menningarinnar þegar við notum hana líkt og við hugsum ekki um hlutverk sérstaks verkfæris á meðan við notum það. Ef við notum til dæmis hamar mikið þá er maður ekki að hugsa um þyngd hamarsins og úr hverju hann er gerður rétt á meðan maður er að hamra eða þegar maður er að spjalla við einhvern sem maður þekkir mjög vel þá er maður ekki að hugsa um málfar, orðaforða og uppbyggingu setninganna sem maður notar á meðan maður er að tala við manneskjuna. Menning er líkt og hamar eða tungumál ákveðið verkfæri sem við notumst við til að verða einhverju úr verki og í rauninni má hugsa um menningu sem aðal verkfærið okkar. Menning er eitthvað sem við lærum af eldri fjölskyldumeðlimum okkar og eitthvað sem er búið til í gegnum líðandi atburði. Hversu mikið og á hvaða hátt menningu er deilt með og á milli hópa fólks eru málefni sem valdið hafa ágreiningi. Völd og stjórnsmál virðast vera flækt inn í það ferli sem felst í því að læra, deila og breyta menningu og þar með er menning háð sögu mannsins. Sum atriði innan menningarinnar eru skýr en önnur eru óskýr, sum eru lærð og önnur eru ómeðvituð, því má segja að lundarfar, langanir og hugsanir okkar séu byggð á menningu okkar (Erickson, 2010). Banks (2002) segir að til séu margar mismunandi skilgreiningar á hugtakinu menning en það er ekki til nein ein skilgreining á þessu hugtaki sem allir félagsvísindamenn myndu samþykkja. Menning er oft skilgreind í samræmi við hinn efnislega þátt í lífi sérhvers hóps en félagsvísindamenn vilja frekar einblína á hinn óefnislega, táknræna og hugmyndafræðilega þátt menningar. Í nútímasamfélagi eru það einstök gildi, tákn, túlkanir, venjur og sjónarmið sem aðskilur fólk, þjóðarhópa og þjóðarmenningu frá hvort öðru en ekki efnislegir hlutir, maturinn sem það borðar og fötin sem það klæðist. Menning er dýnamísk, flókin og síbreytileg (Banks, 2002).

Heimamenning samkvæmt Hönnu Ragnarsdóttur (2007b) er eitthvað sem er sameiginlegt inni á heimilum fólks til dæmis uppruni, trú, tungumál, efnahagur og síðast en ekki síst einstök upplifun hvernar fjölskyldu fyrir sig. Heimamenning hvernar fjölskyldu er þar með breytileg og í stöðugri mótun þar sem fjölskyldumeðlimirnir eru allir virkir þátttakendur í því að móta og þróa hana. Hægt er að líta á heimamenninguna sem það sem fjölskyldumeðlimirnir treysta á í daglegu lífi. Þær uppeldisaðferðir sem einstaklingur kys að nota við að ala upp börnin sín ásamt væntingum hans til skólakerfisins og menntunar

barna sinna eru byggðar á heimamenningu hans. Þar með má segja að uppeldisaðferðir séu bæði háðar menningu og reynslu hvernar fjölskyldu. Skólamenningu skilgreinir Hanna sem samfélagslega samsetningu sérhvers skóla sem miðuð er út frá dagskrá og fræðilegum áherslum kennaranna, samskiptum, hefðum, reglum, siðum og hugmyndafræðum innan hvers skóla fyrir sig. Skólamenning í víðara samhengi vísar til ríkjandi menningar samfélagsins sem birtist í lögum um skóla, skólanámskrám, uppeldisaðferðum, menningarlegum og trúarlegum viðhorfum og hefur þar af leiðandi áhrif á menntunina í flestum eða öllum skólum samfélagsins (Hanna Ragnarsdóttir, 2007b).

2.1 Fjölmennning á Íslandi

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað mikið á Íslandi síðustu árin. Ef skoðaðar eru tölur frá Hagstofu Íslands (2013) má sjá að frá árinu 1950 til ársins 1990 fjölgaði erlendum ríkisborgurum úr 2.696 manns í 4.812. Hlutfall erlendra ríkisborgara miðað við heildarmannfjölda Íslands á þessum árum hélst þó það sama eða 1,9%. Næstu tíu árin á eftir fjölgaði erlendum ríkisborgurum hægt og rólega og árið 2000 voru þeir orðnir 7.271 eða 2,6% af heildarmannfjölda. Árið 2009 var orðin gríðarleg aukning á erlendum ríkisborgurum á Íslandi og þeir orðnir 24.379 eða 7,6% af heildarmannfjölda. 1. janúar 2013 voru erlendir ríkisborgarar 21.446 talsins eða 6,7% af heildarmannfjölda Íslands. Eins og sjá má hér að ofan fjölgaði erlendum ríkisborgurum um 2.459 einstaklinga milli árána 1990 og 2000 en um 14.175 einstaklinga milli árána 2000 og 2013 (Hagstofa Íslands, 2013). Hér að ofan er þó einungis verið að tala um erlenda ríkisborgara sem eru skilgreindir af Hagstofu Íslands sem innflytjendur með erlendan ríkisborgararétt og því eru ekki inni í þessum tölum þeir innflytjendur sem hafa fengið íslenskt ríkisfang eftir komu þeirra til Íslands (Hagtíðindi, 2009).

Þegar flokka á einstaklinga eftir uppruna notar Hagstofa Íslands flokkun sem grundvallast á fæðingarlandi viðkomandi og fæðingarlandi og uppruna foreldra. Þessa flokkun er nauðsynlegt að skilja vel þegar rýna á í tölur frá Hagstofu Íslands. Í Hagtíðindum (2009) birtist skilgreining á þessu flokkunarkerfi Hagstofu Íslands sem skiptist niður í sex grunnflokka og eru þeir eftirfarandi: Enginn erlendur bakgrunnur; enginn erlendur bakgrunnur en fædd/ur erlendis; innflytjandi; önnur kynslóð innflytjenda/afkomendur innflytjenda; erlendur bakgrunnur - fædd/ur erlendis og annað foreldri erlent og erlendur bakgrunnur; fædd/ur á Íslandi og annað foreldri erlent. Grunnflokkurinn enginn erlendur bakgrunnur felur það í sér að einstaklingurinn á sér ekki

rætur erlendis eða sé fæddur á Íslandi og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd á Íslandi. Grunnflokkurinn enginn erlendur bakgrunnur en fædd/ur erlendis felur það í sér að einstaklingurinn er fæddur erlendis en foreldrar hans eru fæddir á Íslandi og hafa ekki erlendan bakgrunn. Grunnflokkurinn innflytjandi felur það í sér að einstaklingurinn er fæddur erlendis og foreldrar hans, ömmur og afar eru einnig fædd erlendis með erlendan bakgrunn. Grunnflokkurinn önnur kynslóð innflytjenda - afkomendur innflytjenda felur það í sér að einstaklingurinn er fæddur á Íslandi en foreldrar hans, ömmur og afar eru fædd erlendis. Grunnflokkurinn erlendur bakgrunnur - fædd/ur erlendis og annað foreldri erlent felur það í sér að einstaklingurinn er fæddur erlendis og annað foreldri hans, ein amma eða einn afi eru einnig fædd erlendis. Grunnflokkurinn erlendur bakgrunnur - fædd/ur á Íslandi og annað foreldri erlent felur það í sér að einstaklingurinn ásamt öðru foreldri hans séu fædd á Íslandi en að ein amma eða einn afi séu fædd erlendis (Hagtíðindi, 2009).

Samkvæmt Hagstofu Íslands bjuggu alls 321.857 manns á Íslandi þann 1. janúar árið 2013, af þeim voru 286.437 manns sem fæddust á Íslandi. Þetta þýðir að 35.420 íbúar Íslands fæddust í öðru landi og því er vert að skoða í hvaða löndum þeir fæddust í. Rúmlega helmingur þessara íbúa Íslands, 17.899 manns, fæddust í fimm löndum eða Póllandi - 9.404 manns, Danmörku - 3.147 manns, Bandaríkjunum - 1.967 manns, Svíþjóð - 1.869 manns og Þýskalandi - 1.512 manns. Fæðingarland einstaklings gefur þó ekki nógu skýra mynd af uppruna hans því líkt og kemur fram hér að ofan getur einstaklingur haft engan erlendan bakgrunn þó svo að hann sé fæddur erlendis (Hagstofa Íslands, 2013).

Með mikilli og örri fjölgun erlendra ríkisborgara og innflytjenda Íslands vakna ýmsar spurningar þar á meðal spurningar eins og hvernig ætli þessi þróun hafi átt sér stað og hver ætli sé ástæðan fyrir því að fólk flyst á milli landa? Elsa Sigríður Jónsdóttir (2000) lýsir þróuninni á innflytjendamálum Íslands á mjög stuttan og skilmerkilegan hátt. Hún segir að öldum saman hafi Ísland verið frekar einangrað frá öðrum þjóðum heimsins og menning Íslands því frekar einsleit. 19. öldin bar svo með sér ný viðhorf og nýja siði til landsins og með miklum framförum og breytingum í tækni á 20. öldinni hafa samskipti við aðrar þjóðir aukist mikið og með því fjölbreytni í mannlífi Íslands. Til að byrja með fluttist til Íslands einstaklingar frá nágrennalöndum okkar eins og Norður-Ameríku og Norður-Evrópu. Þeir áttu ekki erfitt með að verða virkir þátttakendur í menningu og samfélagi landsins þar sem þeirra eigin menning, tungumál og trú er í flestum tilvikum mjög lík því sem viðgengst hér á landi. Þetta hefur þó breyst á síðustu áratugum þar sem einstaklingar

flytja nú til landsins frá framandi svæðum eins og Afríku, Austur-Evrópu og Asíu. Menning, trú og tungumál þeirra er gjörólíkt því sem ríkir í íslensku samfélagi og því eiga þeir að vissu leyti erfiðara með að verða virkir þátttakendur í íslenskri menningu og samfélagi (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000). Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir (2010) segja að margar ástæður séu fyrir því að einstaklingur flytur á milli landa. Flestir flytja til nýs lands til þess að vinna eða fara í skóla. Þó geta fjölskylduaðstæður einnig verið ástæða fyrir flutningum, til dæmis ef faðirinn fær vinnu erlendis þá fylgir oft restin af fjölskyldunni með til nýja landsins eða ef einstaklingur kynnist manneskju sem er frá öðru landi og flytur svo til hennar til að til dæmis stofna fjölskyldu. Svo eru það þeir sem flytja til nýs lands til að flýja slæmar aðstæður heimalands síns eins og stríð eða mikla fátækt. Dvalartími fólks í nýja landinu er mjög misjafn og fer mikið eftir ástæðum flutningsins. Sumir ætla sér bara að setjast að í nýja landinu í stuttan tíma á meðan aðrir stefna á að búa þar til framtíðar (Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010).

Þegar flutt er til nýs lands og nýs samfélags þarf alltaf að aðlagast nýja samfélaginu á einhvern hátt. Hanna Ragnarsdóttir (2002, 2011) hefur meðal annars skrifað um það ferli sem innflytjendur fara í gegnum þegar þeir aðlagast nýju samfélagi. Hún segir aðlögunina vera margþætt ferli og að við flutning í nýtt samfélag sé fyrst og fremst mikilvægt að kynnast nýjum reglum, staðháttum og viðmiðum ásamt því að læra tungumál nýja samfélagsins til þess að geta orðið virkur þátttakandi í samfélaginu og samskiptum. Á Íslandi hefur verið ríkjandi hugsunarháttur að innflytjendur landsins séu bara gestir og að það sé Íslendinga að ráða hvort og hverjir það eru sem flytja hingað. Það er flókið ferli að reyna að móta stefnu í málefnum innflytjenda þar sem hver einstaklingur á sína sögu, menningu, þarfir og aðstæður. Sú umræða sem snertir innflytjendamál vill oft snúast um það hver eigi að taka ábyrgð á því að þeir aðlagist samfélaginu og læri íslensku en á sama tíma fái tækifæri til þess að viðhalda eigin menningu og tungumáli. Þó er það augljóst að innflytjendur á Íslandi þurfi allir á einhvern hátt að aðlagast sínu nýja samfélagi, þeir þurfa að vita hvaða réttindi og skyldur þeir hafa sem samfélagsþegnar, þeir þurfa allir að læra íslensku upp að einhverju marki og þeir þurfa að vita um helstu stofnanir, lög og stjórnarfar samfélagsins. Nágrannalönd Íslands hafa flest öll farið þá leið, þegar kemur að aðlögun innflytjenda að nýju samfélagi, sem kallast samþætting. Samþætting felur það í sér að þjóðernisminnihlutar reyni bæði að tileinka sér ráðandi menningu samfélagsins og á sama tíma viðhalda sinni eigin menningu og tungu. Með samþættingu þurfa einstaklingar að

öðlast færni í tveim menningarheimum og uppfylla kröfur þeirra beggja þegar kemur að hæfni á vitsmunalega sviðinu og í boðskiptum (Hanna Ragnarsdóttir, 2002, 2011).

2.1.1 Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda var samþykkt árið 2007 og var það í fyrsta sinn á Íslandi sem stefna í málefnum innflytjenda var samþykkt. Lýðræði, mannréttindi, samábyrgð og einstaklingsfrelsi eru leiðarljós í aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Með auknum fjölda innflytjenda og þar með aukinni fjölmenningu á Íslandi þarf samfélagið allt að vera tilbúið til þess að bregðast við nýjum og breyttum aðstæðum ásamt því að hafa ávallt í huga að virða mannréttindi einstaklingsins. Íslensk stjórnvöld hafa þá stefnu að vernda hið íslenska tungumál þar sem það er sameiginleg eign þjóðarinnar sem geymir sögu, menningu og sjálfsvitund hennar. Tungumálið notum við einnig til félagslegra samskipta og er því lykilatriði í því að taka þátt í samfélaginu. Aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi getur staðið eða fallið á kunnáttu þeirra í íslensku og því er öflugur stuðningur við íslenskunám innflytjenda mjög mikilvægur, það flýtir bæði fyrir aðlögun þeirra að samfélaginu og styrkir stöðu íslenskunnar í framtíðinni (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda (2007) byggir á sjö markmiðum og bent er á leiðir til þess að ná fram þeim markmiðum. Þessi markmið eiga að tryggja það að allir á Íslandi séu með jöfn tækifæri í samfélaginu og að allir geti orðið virkir þátttakendur í því. Fyrsta markmið stefnunnar er íslenskunám fyrir fullorðna og leiðirnar að markmiðinu eru að fullorðnir innflytjendur hafa kost á góðri íslenskukennslu með námsefni sem hæfir markmiðum námskrár, reglulegu gæðamati og eftirliti og innifalinni samfélagsfræðslu. Annað markmið stefnunnar er miðlun og öflun upplýsinga þar sem innflytjendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um íslenskt samfélag og innflytjendamál á Íslandi. Þriðja markmið stefnunnar eru atvinnumál og atvinnuþátttaka þar sem tilgreindar eru til dæmis þær leiðir að erlendir ríkisborgarar sem starfa á landinu verði að hafa tilskilin dvalar og atvinnuleyfi, útlendingar á íslenskum vinnumarkaði eiga að vera með sömu réttindi og kjör og aðrir og skýrari lög verði gerð um atvinnuréttindi útlendinga. Fjórða markmið stefnunnar eru menntamál leik-, grunn- og framhaldsskólanna þar sem kemur fram að nemendur á þessum skólastigum sem eru með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á námi í íslensku sem öðru tungumáli, að þeir fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu, erlendum foreldrum verði auðvelduð þátttaka í skólastarfi barna sinna og að

skólanámskráran undirbúi nemendur sína undir virka þátttöku í fjölmenningarlegu samfélagi. Einnig er komið inn á kennaramenntun þar sem talað er um að auka kennslu fyrir kennara í íslensku sem annað tungumál. Fimmta markmið stefnunnar er heilbrigðisþjónustan þar sem innflytjendur eiga að hafa aðgang að fullnægjandi heilbrigðisþjónustu og njóta þar sömu þjónustu og Íslendingar, tungumálaerfiðleikar eiga ekki að hindra upplýsingar milli innflytjanda og starfsmanns, starfsmenn eiga að vera upplýstir um ólíka menningarheima, upplýsingar um heilbrigðisþjónustu eiga að vera aðgengilegar fyrir innflytjendur og heilbrigðiskerfið þarf að geta brugðist við sjúkdómum innflytjenda sem eru ekki algengir á Íslandi. Sjötta markmið stefnunnar er hlutverk sveitarfélaga þar sem segir að innflytjendur eigi að hafa sama aðgang að félagsþjónustu og aðrir, sveitarstjórnir eiga að sjá til þess að innflytjendur verði ekki fyrir félagslegri einangrun, sveitarfélög eiga að sjá um fræðslu sem spornar gegn fordómum og sveitarfélögin eiga að reyna að fá innflytjendur til þess að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi þess. Sjöunda markmið stefnunnar er málefni fatlaðra þar sem fjallað er um greiningu barna með annað móðurmál en íslensku (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

2.1.2 Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar “er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu” (Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, 2006/2013, bls. 1). Reykjavíkurborg hefur sett sér tvö leiðarljós í starfi sínu og eru þau mannréttindi og jafnræði borgarbúa, ásamt þessum leiðarljósum hefur borgin sett sér þau markmið að vera fremst í flokki þegar kemur að mannréttindamálum. Þegar unnið er markvisst með mannréttindastefnu er um leið verið að vinna gegn mismunun borgarbúanna. Samkvæmt mannréttindastefnunni er bannað að mismuna fólki vegna trúar- eða stjórnámálaskoðana þeirra og einnig ber að varast þá stöðluðu ímynd um að allir sem aðhyllast sömu trú eða stjórnámálaskoðun séu eins. Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum trúar- eða stjórnámálaskoðana er sú að það eigi að sýna þeirri trú og þeim skoðunum sem fólk aðhyllist virðingu og umburðarlyndi og allir eigi rétt á virkri þátttöku, sanngjarnri og réttlátri meðferð í borgarsamfélagi Reykjavíkur (Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, 2006/2013).

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar (2006/2013) í málefnum um uppruna og þjóðerni einstaklinga er sú að það er bannað að mismuna þeim þegar kemur að menningu, uppruna, þjóðerni og litarhætti þeirra. Einnig kemur fram í stefnunni að huga þarf sérstaklega að því að þeir einstaklingar sem tilheyra einum eða fleiri af þessum flokkum séu ekki allir settir undir sama hattinn, því allir einstaklingar eru mismunandi þrátt fyrir uppruna og þjóðerni þeirra. Allir íbúar Reykjavíkurborgar eiga rétt á sanngjarnri og réttlátri meðferð í samfélaginu þrátt fyrir uppruna og þjóðerni þeirra. Reykjavíkurborg vill að vinnustaðir sínir endurspegli hið fjölmenningslega samfélag borgarinnar og að jafnræði og jafnrétti erlendra starfsmanna sinna sé tryggt. Atvinnuauðgýsingar borgarinnar eiga að vera þannig gerðar að þær hvetji innflytjendur og aðra erlenda íbúa borgarinnar til þess að sækja um öll störf, þeir eiga að njóta jafnréttis í kjörum og réttindum þegar kemur að ráðningarferlinu, þeir eiga rétt á aðstoð til að láta meta menntun sína og þeim á að vera gefinn kostur á starfstengdu íslenskunámi. Reykjavíkurborg finnst einnig mjög mikilvægt að unnið sé gegn fordómum á vinnustöðum sínum. Reykjavíkurborg vill að allir innflytjendur sínir hafi góðan aðgang að allri þeirri þjónustu sem borgin veitir og gerir það með því til dæmis að veita þeim túlkajónustu í foreldrasamtölum. Allt starf Reykjavíkurborgar sem viðkemur börnum af erlendum uppruna eins og tólmundarstarf og menntun á að geta veitt þeim góðan stuðning í því að feta sig í nýju samfélagi og í íslenskunámi þeirra. Börn af erlendum uppruna eiga að fá tækifæri til þess að kynna heimamenningu sína og móðurmál fyrir því samfélagi sem þau búa í. Starfsfólk Reykjavíkurborgar á að reyna að skapa umhverfi fyrir innflytjendur og börn þeirra sem er laust við fordóma í þeirra garð og vera umburðarlynt í samskiptum við alla innflytjendur þó svo að þeir tali ekki fullkomna íslensku (Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, 2006/2013).

2.2 Fjölmennung í leikskóla

Með fjölgun á innflytjendum og erlendum ríkisborgurum á Íslandi hefur einnig orðið fjölgun á börnum með erlent móðurmál innan leikskóla landsins. Ef skoðaðar eru tölur frá Hagstofu Íslands (2013) má sjá að árið 1998 voru 572 börn í leikskólum landsins með erlent móðurmál eða 3,8% af öllum leikskólabörnum landsins. Einungis sex árum síðar eða árið 2004 hafði fjöldi þeirra nær tvöfaldast og var orðin 1150 talsins eða 6,9% af öllum leikskólabörnum landsins. Nýjustu tölur Hagstofunnar eru frá árinu 2012 og samkvæmt þeim voru 2062 börn í leikskólum landsins með erlent móðurmál eða 10,5% af öllum

leikskólabörnum landsins. Samkvæmt Hagstofu Íslands (2013) telst barn hafa erlent móðurmál ef annar eða báðir forráðamenn þess hafa annað móðurmál en íslensku og notar það daglega í samskiptum við barn sitt. Ef árið 2012 er svo skoðað aðeins nánar má sjá að algengustu erlendu móðurmál leikskólabarna á Íslandi það árið eru pólska - 783 börn, enska - 142 börn, filippseyska - 120 börn, tælenska - 113 börn, litháíska - 103 börn, spænska - 85 börn og þýska - 73 börn (Hagstofa Íslands, 2013).

Móðurmál barns gefur ágæta sýn á fjölbreytileika og fjölmenningu leikskóla landsins en til þess að skyggjast aðeins betur í málið verða skoðaðar tölur Hagstofu Íslands (2013) yfir börn í leikskólum á Íslandi með erlent ríkisfang árin 2001-2012. Á þessum árum fjölgaði börnum með erlent ríkisfang úr 159 börnum árið 2001 í 1031 börn árið 2012 eða um 872 börn á ellefu árum. Ef líkt og hér fyrir ofan er skoðað betur árið 2012 má sjá að flest barnanna eru með erlent ríkisfang í Austur-Evrópu eða 710 börn og Eystrasaltslöndunum eða 128 börn. 68 börn eru með erlent ríkisfang í Vestur-Evrópu og 61 barn með erlent ríkisfang í Asíu. Á milli árána 2001 og 2012 fjölgaði mest börnum með erlent ríkisfang í Eystrasaltslöndunum eða úr 5 börnum í 128 börn sem er 25,6% fjölgun. Þar á eftir má nefna börn með erlent ríkisfang í Austur-Evrópu sem fjölgaði úr 62 börnum í 710 börn eða 11,5% fjölgun. Fæstu börnin koma frá Eyjaálfunni sem flest voru 7 talsins árið 2006 (Hagstofa Íslands, 2013).

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) hefur 21. öldin haft í för með sér miklar og hraðar breytingar fyrir íslenskt samfélag, skólakerfi, nám nemenda og störf kennara. Breytingarnar tengjast ekki einungis auknum fólksflutningum til landsins heldur einnig efnahagi, atvinnumálum, félagsmálum, tækni og samskiptum og þessar breytingar hafa áhrif á menningarlíf okkar og þekkingu ásamt menntun og uppeldi barna okkar. Þessum breytingum fylgir því að kröfurnar til skólanna og kennarastéttarinnar aukast þar sem það er í þeirra hlutverki að hjálpa samfélaginu að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Jafnréttismenntun er ein leið sem skólakerfið og kennarastéttin getur farið í því að hjálpa samfélaginu að aðlagast breyttum aðstæðum samfélagsins. Jafnréttismenntun byggir á gagnrýnni skoðun á viðteknum hugmyndum samfélagsins og stofnana þess um mismunun og forréttindi fólks og með jafnréttismenntun er börnum og ungmennum kennt að greina í sundur hvað það er sem veldur þessum hugmyndum. Þættir sem geta skapað mismunun eða forréttindi fólks eru meðal annars “aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni”

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 14). Jafnrétti er það hugtak sem nær yfir alla þessa þætti og á öllum skólastigum landsins á að fara fram nám um jafnrétti og þróun Íslands sem fjölmenningsarsamfélag (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Leikskólanum ber að byggja starf sitt á jafnréttismenntun og huga ávallt að þeim hugtökum sem fylgir þeirri menntun og styrkist sú staðreynd ef skoðaður er Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 18/1992). Samningurinn sem er einnig þekktur undir nafninu Barnasáttmálinn var staðfestur á Alþingi Íslendinga árið 1992. Samkvæmt þeim sáttmála er þjóðin skildug til að sjá til þess að öll börn hafi jafnan aðgang að almennri menntun, rækta persónulega hæfileika þeirra og andlega og líkamlega getu. Í 2. grein Barnasáttmálans segir að virða og tryggja eigi öllum börnum réttindi sín sem innifalin eru í samningnum án mismununar sem gæti stafað af kynþætti, litarhætti, trúarbrögðum, tungu, kynferði, stjórnmalaskoðunum, uppruna, þjóðerni, félagslegri stöðu, þjóðarhætti, eignum, ætterni og fötlun barns, foreldris eða forráðamanni þess. Í 8. grein Barnasáttmálans segir að virða eigi rétt barns til að viðhalda einstaklingslegum auðkennum sínum eins og ríkisfangi, nafni og fjölskyldutengslum. Í 29. grein Barnasáttmálans segir að menntun allra barna eigi að vera miðuð útfrá virðingu fyrir foreldrum barnsins, menningararfleið barnsins, tungu, gildismati og þjóðernislegum gildum landsins sem barnið býr í ásamt landsins sem það kemur frá. Í 30. grein Barnasáttmálans er komið sérstaklega inn á það að börn sem tilheyra minnihlutahópum samfélagsins eigi rétt á því að njóta eigin menntunar, trúar og nota eigið tungumál (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992).

Fjölmennningarleg menntun felur í sér að minnsta kosti þrjá hluti og þeir eru hugmynd, stefna um endurbætur í menntamálum og framkvæmd. Fjölmennningarleg menntun byggir á þeirri hugmynd að allir nemendur burt séð frá kyni, félagslegri stöðu, kynþætti, þjóðerni og menningu þeirra eiga að hafa jafnan rétt á almennri menntun í skóla (Banks, 2010). Á Íslandi líkt og í öðrum löndum hefur verið ríkjandi hugsunarháttur innan skólastofnana að þegar það eru engin erlend börn í skólanum þá þurfi ekki að huga sérstaklega að fjölbreytileika nemendahópsins (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Sá hugsunarháttur er ekki réttur því að menning er ekki einungis tengd uppruna- eða þjóðernismenningu og því eru allir bekkir skóla og deildir leikskóla fjölmennningarlegir burt séð frá því hvort þar séu börn af erlendum uppruna eða ekki (Guðrún Pétursdóttir, 2003). Útfrá því þarf stefna eða hugmyndafræði skólans að taka mið af fjölbreytileikanum í barnahópnum hvort sem um er að ræða erlend eða íslensk börn (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Ein af þessum hugmyndafræðum sem fer sífellt vaxandi innan skólakerfisins þar

sem starfa fjölbreyttir nemenda- og kennarahópar er gagnrýnin fjölmenningarhyggja. Gagnrýnin fjölmenningarhyggja er byggð á gagnrýnum félagsvísindum sem er með þau markmið að tengja saman kenningu og framkvæmd þannig að bæði einstaklingar og hópar geti orðið meðvitaðir um þær mótsagnir, óréttlæti og skekkjur sem fólk hefur í hugmyndakerfum og félagslegum athöfnum sínum. Einnig er lögð áhersla á það innan gagnrýnnar fjölmenningarhyggju að breyta því sem breyta þarf (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

2.2.1 Fjölmenningarstefnur leikskóla

Fjölmenningarstefnur leik- og grunnskóla er mikilvæg leið Íslands til þess að koma til móts við börn af erlendum uppruna sem eru sífellt að verða fleiri innan skóla landsins. Í þessum kafla verður fjallað um fjölmenningarstefnur fyrir leikskóla þriggja sveitarfélaga, Reykjavíkur, Kópavogs og Eypings.

Í fjölmenningarstefnu fyrir leikskóla í Reykjavík (2006) kemur fram að Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á fjölmenningarlegt samfélag og eru leikskólar Menntasviðs Reykjavíkurborgar ekki undanskildir. Í fjölmenningarstefnu leikskóla Reykjavíkur sem sett var fram árið 2001 og endurskoðuð árið 2004 er byrjað á því að kynna helstu hugtök fjölmenningarstefnunnar eins og innflytjendur, móðurmál og tvítýngi. Eftir það er svo farið dýpra í það hvernig unnið er með og í samræmi við fjölmenningarstefnuna. Mikið er lagt uppúr því að foreldrasamstarf sé gott og er foreldrum boðið upp á túlk þegar fyrsta viðtal er tekið. Erlend börn fá oft lengri aðlögunartíma en önnur börn og skilaboð og aðrar upplýsingar um starf skólans eru þýddar yfir á tungumál foreldranna. Einnig er lagt upp úr því að gera heimamenningu foreldranna sýnilega öllum innan leikskólans og að þeir séu virkir þátttakendur í skólastarfinu. Íslenskukennsla fer aðallega fram í gegnum leik og starf leikskólans og þau samskipti sem erlenda barnið á við starfsmenn og önnur börn, því talið er að börn læri mest á því að vera þátttakendur í raunverulegum aðstæðum. Öll börn hafa þó einnig rétt á sérstakri íslenskukennslu ef talið er að þess þurfi. Starfsmenn Menntasviðs Reykjavíkurborgar þurfa að öðlast sérstaka færni í því að kenna erlendum börnum íslensku sem annað tungumál og að meta framfarir barnanna í íslensku. Starfsmennirnir öðlast þessa færni meðal annars með því að nýta sér símenntun og aðra fræðslu sem leikskólarnir bjóða uppá. Menntasvið Reykjavíkurborgar leggur mikla áherslu á að erlend börn verði tvítýngd eða fjöltyngd og að íslenskan verði því viðbótarmál. Mjög mikilvægt er að foreldrarnir viðhaldi móðurmáli eða móðurmálum

barnanna heima við og móðurmálskennslu með til dæmis bókalestri og daglegu spjalli (Fjölmenningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík, 2006).

Samfélag fyrir alla (2001) er stefna Kópavogs í málefnum útlendinga og í stefnunni er hafður sérkafla um starfsáætlun fyrir leikskóla Kópavogs. Í þeim kafla segir að leikskólinn eigi að vera fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu, tungu og trú. Leikskólinn á að veita erlendum börnum aðstoð við að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og með því öðlast sjálfsöryggi í sínu nýja umhverfi. Í stefnunni er sérstaklega tekið mið af því að öll börn hafi mikinn áhuga á öðrum þjóðum og að það sé hlutverk leikskólans að efla þann áhuga og kenna börnum að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem allir þurfa að virða og meta. Leikskólar Kópavogs vilja reyna á sem bestan hátt að koma til móts við börn af erlendum uppruna sem ekki tala íslensku og gera þeir það með því að veita þeim forgang inn í leikskólana og sérkennslutíma í íslenskukennslu og félagslegri aðlögun. Einnig hvetja þeir starfsfólk sitt til að notfæra sér túlkaþjónustu og kynna sér menningu og siði ólíkra landa. Í lok kaflans eru svo tekin fyrir þrjú markmið leikskóla Kópavogs til að koma betur til móts við börn af erlendum uppruna og bent er á leiðir að þeim markmiðum. Fyrsta markmiðið er að bæta aðgengi útlendinga að leikskólum Kópavogs með því að þýða umsóknareyðublöð og bæklinga, hvetja foreldra til að skrifa á umsóknareyðublöðin þau tungumál sem töluð eru á heimilinu og bæta skráningarkerfi erlendra barna inni á leikskólaskrifstofunni. Annað markmiðið er að bæta íslenskukennslu í leikskólum því leikskólinn er talinn vera sá staður þar sem börn af erlendum uppruna læra grunninn að íslensku tungumáli. Leiðir að þessu markmiði eru til að mynda sérkennslutímar í íslenskunámi, að auka færni og skilning starfsmanna í að kenna íslensku sem annað mál í leikskólum, laga umhverfi leikskólans að þörfum barna af erlendum uppruna og leggja áherslu á fjölmenningarlega starfsemi. Þriðja markmiðið er að nýta menningarlega fjölbreytni leikskólanna í að vinna gegn fordómum með því að ná góðu sambandi við foreldra erlendu barnanna og gera menningu þeirra sýnilega og sjálfsagða í öllu starfi leikskólans (Samfélag fyrir alla, 2001).

Í fjölmenningarstefnu Eyþings (2009), sem er samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, segir að taka þurfi vel á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt á Íslandi og gera þarf aðlögun þeirra að íslensku skólakerfi þægilega fyrir þau. Þeim markmiðum er náð með því að hafðar eru fastar vinnureglur um móttökufærni og túlkaþjónusta er höfð aðgengileg og hún nýtt. Foreldrar eiga að vera upplýstir um starfsemi

skólanna og skólakerfið allt þar sem sérstakir upplýsingabæklingar eru hafðir á helstu erlendu tungumálum samfélagsins. Einnig er sérstaklega tekið fram að foreldrar séu upplýstir um náttúrufar, siði og venjur Íslands eins og öskudaginn, Þorrann og hvort barnið þurfi að koma með nesti. Skólinn á að vera brú barnsins inn í samfélagið og einn aðili í skólanum ber ábyrgð á upplýsingagjöf og eftirfylgni með innflytjendum fyrstu tvö árin í skólanum. Einnig er fylgst með þátttöku innflytjenda í íþrótt- og tómstundastarfi. Í skólakerfinu á að móta jákvætt viðhorf til fjölmenningar með því að nota námsefni um fjölmenningu, hafa menningarhátíðir í skólum og hafa markvissa umfjöllun og fræðslu um fordóma. Leik- og grunnskólar eiga að sjá til þess að nemendur sínir verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og það er til dæmis gert með því að leggja sérstaka áherslu á íslenskukennslu auk náms í íslensku sem öðru tungumáli og hvetja nemendur sína til þátttöku í félagsstörfum sveitarfélaganna. Mjög mikilvægt er að skólarnir leggi vinnu í það að styrkja sjálfsmynd barna af erlendum uppruna til dæmis með því að gefa nemendum tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu með sérstakri móðurmálskennslu og að bækur á erlendum tungumálum verði hafðar aðgengilegar. Að lokum er tekið fram að skólarnir eigi að stuðla að þátttöku foreldra barna af erlendum uppruna í skólasterfinu og auka hæfni og þekkingu starfsfólksins í kennslu og ummönnun erlendra barna (Fjölmenningarstefna Eyþing, 2009).

Þessi þrjú sveitarfélög virðast í stuttu máli sagt sammála um það að leik- og grunnskólar landsins eru mjög mikilvægir í því að barn læri að fóta sig í íslensku samfélagi og þar er góð kennsla í íslensku tungumáli sem annað mál eitt aðalatriðið. Stefnurnar eru einnig sammála um það að þátttaka foreldra erlendra barna í skólasterfinu er mjög mikilvæg fyrir börnin og það að foreldrarnir sjái til þess að börnin fái viðhaldið móðurmáli sínu heima og með aðstoð skólanna. Einnig koma stefnurnar inn á það að heimamenning barna af erlendum uppruna eigi að vera sýnileg innan skólanna. Að lokum benda allar stefnurnar á það að starfsmenn skólanna þurfi að fá kennslu og ná vissri hæfni í því að bæði kenna íslensku sem annað tungumál og almennri umönnun barna af erlendum uppruna.

3 Móðurmál

Fræðimenn eru sammála um að móðurmál sé það tungumál sem börn læra fyrst. Það mætti af nafninu dæma segja það tungumálið sem kemur frá móðurinni, þó það sé að sjálfsögðu ekki alltaf raunin. Talið er að það sé að vísu algengast og hugtakið móðurmál sé kennt við það mál sem börn tala að staðaldri heima hjá sér í æsku og oftast er það tengt við það tungumál sem uppalandur barnanna nota. Móðurmál er það tungumál sem margir hafa gott vald á ævilangt, þó þarf ekki að vera að það sé það tungumál sem einstaklingur hefur besta valdið á. Margir hafa ef til vill notað önnur tungumál en móðurmálið sjálft mun meira í daglegu lífi og getur það haft þær afleiðingar að færni í móðurmálinu tapast (Elín Þöll Þorðardóttir, 2007; Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010; Sigurður Konráðsson, 2007). Algengt er að börn læri fleiri en eitt tungumál og dæmi gæti verið að eitt móðurmálið sé tungumál móðurinnar, annað móðurmál föðurins og þriðja tungumálið það sem barnið lærir og er notað í því samfélagi sem barnið býr í. Börn eru tvítyngd þegar þau geta lært fleiri en eitt tungumál í einu og því má segja að móðurmál barna geta verið fleiri en eitt (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007). Tvítyngd börn eru oft sögð tengjast öðru tungumálinu betur en hinu og nota þá það tungumál til að tjá tilfinningar sínar (Genesee, Paradis og Crago, 2004). Stundum er talað um að einstaklingur tengist móðurmáli sínu hjartans böndum, að það gleymist seint. Sigurður Konráðsson (2007) fjallar um að fyrstu minningar barns séu oftast tengdar móðurmálinu og má því segja að allir málnotendur séu tilfinningalega tengdir móðurmáli sínu á allt annan hátt en öðru máli. Börn eru alla ævi að bæta við móðurmál sitt og upphaflega læra þau það af foreldrum sínum eða öðrum sem annast það og svo bætist við kunnáttuna það sem börnin læra hvert af öðru (Sigurður Konráðsson, 2007).

Samkvæmt Genesee, Paradis og Crago (2004) þarf fólk sem flyst búferlum og kemur sér fyrir í öðru landi að aðlagast nýjum aðstæðum, menningu og tungumáli. Þær kringumstæður geta reynst mörgum erfiðar og til að auðvelda börnum sínum aðlögunina er algengt að foreldrar hætti að tala móðurmál sitt við börnin og noti einungis nýja tungumálið. Hugmyndir innflytjenda um það að verða partur af nýja samfélaginu og það að halda áfram að tala tungumál heimalandsins haldist ekki í hendur. En mikilvægt er að hafa í huga að móðurmálskunnátta styður við máltöku annars tungumáls (Genesee, o.fl., 2004).

Það er munur á því hvernig fólk lærir móðurmál og annað mál og má segja að þegar annað tungumál er numið þá er oftast kominn grunnur í móðurmálinu og styður það við lærdóminn á nýja málinu (Sigurður Konráðsson, 2007). Flestir fræðimenn eru því sammála að til að ná sem bestum tókum á nýja tungumálinu er mikilvægt að ná sem bestum tókum á móðurmálinu. Besti undirbúningurinn við að læra nýtt tungumál sé því í raun móðurmálið. Strax á fyrsta skólastigi er mikilvægt að hlúa að þeirri kunnáttu þar sem góður og traustur grunnur gefur barni það öryggi og sjálfstraust sem það þarf til að þroskast og menntast (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007; Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Samkvæmt Renata Emilson Pesková (2013) eru margir kostir sem fylgja því að læra fleiri en eitt tungumál og er því synd að taka það frá barninu. Styrking á móðurmálinu veitir barninu þann kost að eiga auðveldar með að læra önnur tungumál, þegar það skilur hugtök í sínu tungumáli er auðveldara að yfirfæra þau á önnur tungumál. Aukin tungumálafærni víkkar sjóndeildarhring barna, það færir þeim aukna möguleika í námi sem og í lífinu öllu. Að ná góðri færni í nýju máli er ekki eina ástæðan fyrir því að mikilvægt er að rækta móðurmál. Það að tala sama tungumál sameinar fólk og barn sem talar móðurmál sitt við fjölskyldu sína gerir því kleift að vera hluti af þeim hóp. Segjum sem svo að barnið geti þó talað markmálið (tungumálið í samfélaginu) við foreldra sína þá verður að hafa í huga að það er ekki móðurmál þeirra og er misjafnt hversu mikið þeir kunna í því máli. Þegar fram líða stundir gæti komið upp sú staða að foreldrarnir hefðu ekki nægilegt vald á því tungumáli til að skilja barnið sitt, og ætti það því erfitt með að leita til foreldra sinna. Móðurmálið er lykillinn að samskiptum barnsins við foreldra sína og fjölskyldu og ef það nær góðum tókum á móðurmálinu upplifir það sig sem hluti af fjölskyldu sinni og menningu. Styrking móðurmálsins hefur því mikilvægt hlutverk í mótun sjálfsmýndar barnsins og eðlilegs þroska þess (Renata Emilsson Pesková, 2013). Sjálfsmýnd barnsins er nátengd menningu þess og tungumálið órjúfanlegur hluti hennar. Það er því mikið tekið frá barninu ef því er ekki kennt móðurmál sitt, þar með missir það hluta af uppruna sínum og getur það veikt sjálfsmýnd barnsins strax á unga aldri (Genesee, o.fl., 2004). Samkvæmt Elínu Þöll Þórðardóttur (2007) getur verið varasamt að leggja bann við notkun móðurmálsins þar sem það hindrar þroska barnanna í málnotkuninni og kemur í veg fyrir að þau geti nýtt sér móðurmálið til stuðnings þegar þau læra nýja tungumálið. Það vekur upp gremju hjá börnum þegar þeim er bannað að nota móðurmálið sitt og getur haft þau áhrif á börn að það minnki hjá þeim áhugann á að læra nýja tungu og um nýja menningu. Það er því grundvallaratriði að barnið skynji að móðurmál þess sé mikilvægur hluti af kunnáttu þess

og það eigi að vera stolt af því. Margar leiðir eru til að ýta undir stolt barnanna, það má gera með því að vera áhugasamur um móðurmál barnsins, biðja það um að þýða orð eða segja frá á sínu máli (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Renata (2013) nefnir að foreldrar beri mestan þungan af ábyrgðinni á móðurmálskennslunni. Þó nefnir hún að sameiginleg ábyrgð á móðurmálsnámi barna liggi í höndum kennara á öllum skólastigum, frá leikskóla og upp í framhaldsskóla (Renata Emilsson Pesková, 2013).

4 Tvítýngi

Orðið eða hugtakið tvítýngi er notað þegar einstaklingur lærir tvö eða fleiri tungumál eða tileinkar sér fleira en eitt móðurmál. Samkvæmt Birnu Arnbjörnsdóttur (2007) er móðurmálið fyrsta málið sem börn læra og geta börn átt fleiri en eitt móðurmál og eru þar af leiðandi tvítýngd. Móðurmál barna er ekki alltaf það tungumál sem talað er í landinu sem þau búa í, þar með getur barnið bætt við móðurmálskunnáttu sína svokölluðu markmáli en það er það mál sem er ríkjandi í umhverfinu og er kennt sem annað mál (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007). Fræðimenn eru sammála um að mismunandi ástæður geti verið fyrir því að fólk þurfi að tileinka sér fleiri en eitt tungumál. Ein ástæðan getur verið sú að í heimalandi viðkomandi eru töluð tvö ríkismál og þurfa því íbúar þess lands að geta talað tvö tungumál. Brottflutningur úr heimalandinu til annars lands þar sem talað er annað tungumál er mjög algeng ástæða þess að þurfa að læra annað tungumál, tungumál nýja samfélagsins. Brottflutningur getur verið af margvíslegum ástæðum, eins og flótti frá heimalandinu vegna slæmra aðstæðna og leit að betri lífskjörum, brottflutningur til lengri eða skemmri tíma vegna náms eða til að fylgja maka sínum til nýrra landa. Barn getur átt foreldra sem tala sitt hvort tungumálið og á barnið því tvö móðurmál, foreldrarnir tala jafnvel annað tungumál sín á milli og er þar með komið þriðja tungumál barnsins og ef að í samfélaginu þar sem þessi fjölskylda býr er svo talað enn annað tungumál þyrfti barnið að tileinka sér fjórða tungumálið (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007; Hanna Ragnarsdóttir, 2002; Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010; Sigurður Konráðsson, 2007). Goodz (1994) talar um það að börn heyra ef til vill einungis móðurmál sitt á heimilinu þar sem foreldrar og fjölskylda tala það sín á milli. Dæmi geta verið um að börnin hafi aldrei eða örsjaldan heyrt tungumálið sem talað er í samfélaginu. Því eru mikil viðbrigði fyrir mörg börn að byrja á leikskóla og koma inn í nýtt málsamfélag (Goodz, 1994).

Elín Þöll Þórðardóttir (2007) bendir á að aðstæður barna eru mismunandi og tungumálafærni þeirra á hverju tungumáli fyrir sig einnig. Tvítýngi verður til við margvíslegar aðstæður og dreifist málhæfni barnanna með ólíku móti á tungumálin sem þau tala. Talað er annars vegar um að börn séu tvítýngd frá upphafi máltökuskeiðsins og þá má segja að þau læri tungumálin samhliða, hins vegar er svo annar hópur barna sem lærir fyrst eitt tungumál og bætir svo öðru tungumáli við. Þar sem það má segja að móðurmál sé

aldrei fulllært og að því leyti má segja að hvort sem tvítýngisskeið barna byrji snemma eða seint eiga tvítýngd börn það öll sameiginlegt að læra tungumálin að einhverju leyti samhliða og máltaka barnanna sé svipuð og lúti áhrifum sömu þátta (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Fræðimaðurinn Fred Genesee (1994) skiptir einnig tvítýngi í tvo hópa og flokkar hann það eftir því hvenær maður lærir seinna tungumálið. Fyrri hópnum (e. simultaneous bilingualism) tilheyra þeir sem lærðu seinna tungumálið þegar þeir voru yngri en þriggja ára. Þeir sem lærðu seinna tungumálið eftir þriggja ára aldurinn tilheyra seinni hópnum (e. sequential bilingualism) (Genesee, 1994). Margir velta því fyrir sér hvort það geti ekki verið snúið að tilheyra þeim hópi sem er tvítýngdur, að alast upp við það að temja sér fleiri en eitt tungumál. Samkvæmt Elínu Þöll Þórðardóttur (2007) hefur tvítýngi aukist til muna á örskömmum tíma á Íslandi og er því hér á landi enn verið að skapa þær aðstæður fyrir tvítýngd börn sem stuðla sem best að góðum þroska þeirra. En það má segja að með síauknum fólksflutningum sé það liðin tíð að allir íbúar sama lands tali sama móðurmálið. Eintýngi er víðast hvar óþekkt og í raun eru þeir sem tala einungis eitt tungumál minnihlutahópur í heiminum. Tvítýngi er ekkert nýtt, heldur útbreytt og gamalgróið og er það mun algengara meðal jarðarbúa að þeir séu tví- eða fjöltýngdir. Það virðist vera að viðhorf sé að breytast á Íslandi og það sé hætt að líta á tvítýngi sem eitthvað skaðlegt enda telja margir að það sé upplagt fyrir börn að læra fleiri en eitt tungumál þar sem þau hafi einstakan hæfileika til að læra fleiri en eitt tungumál (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Börn eru fljót að læra og aðlagast aðstæðum, þau eiga mun auðveldara með tungumálanám en fullorðið fólk (Stritikus og Varghese, 2010). Þó að margir haldi því fram að það að læra, kunna eða nota tvö tungumál geti haft slæm áhrif á þroska barna þá er engin fræðileg skýring sem styður það og engin vísindaleg sönnun er fyrir því að geta barna sé einungis takmörkuð við það að læra einungis eitt tungumál (Genesee, Paradis og Cargo, 2004). Elín Þöll Þórðardóttir (2007) bendir þó á að dæmi eru um það að börnum með einhverja málþroskaröskun eða önnur þroskafrávik sé ráðlagt að einbeita sér að einu tungumáli, og hefur því foreldrum verið ráðlagt að tala ekki móðurmál sitt við þau börn og einskorða sig við tungumálið sem talað er í samfélaginu. Það er varasamt að öllu leyti þar sem foreldrarnir hafa ef til vill ekki nægilegt vald á því máli og að samskipti barna og foreldra eru sem eðlilegust þegar þau fara fram á móðurmálinu. Það að afmá tvítýngið er alls ekki ráðlögð aðferð fyrir börnin. Þó að ávallt sé þörf á fleiri rannsóknum á tvítýngi barna, þá sýna þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar að málþroskaraskanir og önnur þroskafrávik virðast ekki breyta neinu um það að börn geti lært fleiri en eitt tungumál.

Hvort heldur sem barnið er með dæmigerðan þroska eða eitthvert þroskafrávik sýna rannsóknir að þau geti lært tvö tungumál jafn vel og þau geti lært eitt (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Samkvæmt Birna Arnbjörnsdóttur (2008) eru börn á leikskólaaldri í mikilli mótun og eru að efla vitsmunapróska sinn mikið á degi hverjum. Tungumálið er þar stór hluti og ef litið er til máltöku barna er mikilvægt að hafa í huga að tungumálið skiptir lykilmáli í þroska barna jafnt sem það er tæki til samskipta. Tungumálið er mikilvægt í öllum vitsmunapróska og er undirstaða læsis og óhlutlægrar hugsunar, skilgreiningu hugtaka og greiningu orða (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008). Fræðimenn eru sammála um að börn séu afar næm á það við hvaða aðstæður þau eigi að nota hvert tungumál fyrir sig. Þau eru fljót að skipta yfir í annað tungumál ef við á. Þau læra fljótt að í til dæmis leikskólanum er talað eitt tungumál og á heimilinu annað. Hafa verður í huga að tungumálið lærist mikið af umhverfinu og getur barn því verið mjög gott í íslensku innan veggja leikskólans. Þar er barnið öruggt og kann á það málumhverfi sem þar er. Aftur á móti er það ef til vill ekki með þann orðaforða í íslensku sem það þarfnast utan leikskólans og hefur ef til vill einungis lært sum hugtök á sínu móðurmáli. Á meðan börn eru að tileinka sér fleiri en eitt tungumál þá ræðst færni þeirra í þeim tungumálum af því við hvaða aðstæður það hefur lært tungumálið. Sumir alast upp við þær aðstæður að þó að mörg tungumál séu töluð á heimilinu þá skilja allir þeir sem búa á heimilinu þau tungumál og er því eðlilegt fyrir það barn að tala eins konar blendingsmál við þá sem skilja það. Það er svo börnunum mjög auðvelt að skipta yfir í annað tungumál eða hætta að blanda saman tungumálum þegar einhver bætist í hópinn sem ekki skilur slíka blöndu (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007; Genesee, 1994). Tvítyngd börn eiga það einnig til að blanda saman tungumálum við ákveðnar aðstæður eins og þegar þau eru að leggja áherslu á það sem þau eru að segja eða ef þau eru að segja sögu, mótmæla eða vitna í einhvern annan (Genesee, o.fl., 2004).

Birna Arnbjörnsdóttir (2008) hefur fjallað um kostina við það að kunna fleiri en eitt tungumál og í raun séu kostir tvítyngis ótvíræðir. Það eigi með engu móti að líta á tvítyngi sem vandamál. Þegar börn læra fleiri en eitt tungumál eru þau með móðurmálsfærni í tveimur eða fleiri tungumálum og þau hafa innsýn í tvo menningarheima og fjölþætta hugsun (e. divergent thinking). Með tilliti til málhegðunar og viðhorfa til annarra menningarheima eru þau með góðan skilning á tengslum máls og menningar. Tvítyngd börn hafa gott innsæi í eðli tungumála sem auðveldar þeim frekara nám á öðrum tungumálum og þau hafa vitsmunalegan sveigjanleika til þess að læra tvö tungumál (Birna

Arnbjörnsdóttir, 2008). Tungumálabekking er kostur og mjög mikilvæg í heimi hnattvæðingar þar sem samskipti eru hröð og tví- og fjöltyngdir einstaklingar því mikil auðlind (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Þegar börn læra íslensku sem annað tungumál byggist þjálfunin að mörgu leiti á hvatningu til virkrar þátttöku í íslensku samfélagi alveg samhliða því að kenna þeim tungumálið og mikilvægt er að barnið finni sig betur heima í íslensku samfélagi (Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010). Samkvæmt Elsu Sigríði Jónsdóttur (2007) er það án efa grundvallaratriði fyrir börn sem koma hingað til lands og þurfa að læra íslensku sem annað mál að viðhalda móðurmáli þeirra og upprunamenningu, það stuðli að góðri þjóðlegri sjálfsmynd barnanna. Það að þau geti samsamað sig við eigin hóp og þau séu með góða vitund um uppruna sinn stuðlar að góðum námsárangri og gengi í skóla. Þau koma til með að hafa færni í tveimur menningarheimum og verða tvítyngd sem er gott veganesti inn í fjölmeningarsamfélag tuttugustu og fyrstu aldarinnar (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007).

5 Fjölmenningarleg kennsla í leikskólum

5.1 Fjölmenningarleg kennsla

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) og Starfslýsingu leikskólakennara (2006) kemur fram að þegar unnið er með börnum er mikilvægt að hvert barn fái að njóta sín og að það finni í daglegu starfi að það sé metið að verðleikum og eigi fullan rétt á að vera í leikskólanum. Meginverkefni leikskólakennara er að fylgjast með velferð barnanna og að þau fái að njóta sín sem einstaklingar, þá þarf að hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli þeirra og þarfir. Leikskólakennara ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að börnin fái notið bernsku sinnar. Hann á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks í leikskólanum. Lýðræði og jafnrétti eru tvö hugtök sem starfsmenn leikskóla þurfa að hafa í huga en í námskránni segir meðal annars að leikskólastarf skuli byggjast á jafnrétti og virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum. Í leikskóla skuli leitast við að koma til móts við þarfir allra og virða skuli rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti lýðræðislegs samfélags þar sem foreldrar, starfsfólk og börn vinna saman. Jafnrétti, fjölbreytileiki, samábyrgð, samstaða og viðurkenning fyrir ólíkum sjónarmiðum er það sem einkennir lýðræðislegt leikskólastarf. Í leikskólanum er litið á börn sem virka borgara og þau eiga að finna það að þau séu hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Mikilvægt er að hver og einn fái að vera þátttakandi og fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Skóli án aðgreiningar er einnig hugtak sem ber að taka mið af í leikskólastarfinu og tekur það sérstaklega til allra þeirra hópa sem á einhvern hátt geta átt hættu á að fá ekki fulla hlutdeild í skólalífinu. Þar má nefna þá sem búa við einhverskonar fötlun, þá sem búa við bág félagsleg og efnahagsleg kjör, þá sem ekki tala íslensku eða öll þau börn sem á einhvern hátt skera sig úr hópnum. Margbreytileika er tekið fagnandi og einsleitni hafnað í skóla án aðgreiningar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Starfslýsingar leikskólakennara, 2006). Allt eru þetta þættir sem hafa verður í huga þegar unnið er með margbreytilegan barnahóp, en eins og fram kom hér fyrr í ritgerðinni samkvæmt Guðrúnu Pétursdóttur

(2003) þá er hver og einn leikskóli fjölmennningarlegur þó svo að ekki séu mörg tvítyngd börn eða ekki neinn af erlendu bergi. Hvert barn á sér sína heimamenningu og þarf að stuðla að því að öll börn fái að njóta sín (Guðrún Pétursdóttir, 2003). Fræðimaðurinn Banks (2010) hefur gert margar rannsóknir í Bandaríkjunum á fjölmennningarlegri kennslu. Hann telur að þegar unnið er með almenna námskrá og ekki er hugað að margbreytileikanum þá geti það stuðlað að kynþáttahyggju, fordómum og stöðluðum hugmyndum barna um samfélagið. Hann nefnir að það sé slæmt fyrir börn að læra ekki um aðra menningu og kynþætti, að það gefi þeim ranga mynd af sjálfum sér og að börn geti talið sig á einhvern hátt æðri en aðrir. Börn græða á því að læra um sína eigin menningu út frá sjónahorni annarra hópa og menningu þeirra. Við það fá þau dýpri skilning á menningu sinni og sjá að hvaða leiti hún er einstök og/eða frábrugðin öðrum og vita því betur hvernig eigi að samsama sig öðrum hópum eða eiga í samskiptum við þá. Hann telur nemendur læra best og vera áhugasamastir þegar kennslan endurspeglar menningu þeirra, reynslu og skoðanir. Banks útskýrir fjölmennningarlega kennslu sem námsaðferð sem stuðlar að því að allir njóti sömu réttinda til náms óháð kyni, þjóðerni eða félagslegri stöðu. Hún tekur mið af þremur hlutum, þar sem fyrst er einblínt á jöfn námstækifæri fyrir alla, því næst er hugað að lýðræðislegum vinnubrögðum og hugtökum líkt og jafnrétti, réttlæti og mannréttindi og í þriðja lagi er fjölmennningarleg stefna hugsuð þannig að hún sé í stöðugri mótun þar sem í heiminum getur ávallt verið misræmi milli lýðræðislegra skoðana (Banks, 2002, 2010).

Samkvæmt Banks (2010) þá er grundvallaratriði að þegar byrjað er að vinna með fjölmennningarlega kennslu þarf að huga að öllu ferlinu. Ekki er nóg að bæta einstökum nýjum þáttum við kennslu barnanna. Það þarf að breyta og bæta alla námskrá skólans svo að það skili sér sem best til barnanna. Banks hefur sett fram fjórar nálganir á því hvernig fjölmennningarleg kennsla er oft á tíðum innleidd í námskrár skóla. Fyrst nefnir hann þá leið þegar skólar innleiða kennslu um hetjur, hátíðir, mat og tónlist ákveðinna þjóðarhópa inn í nám barnanna. Það vill þá oft vera það eina sem er gert til að breyta námskránni til að geta kallað hana fjölmennningarlega og að hún fái annars að standa óbreytt sem áður. Áhrif slíkrar kennslu getur verið takmörkunum háð og gefur í raun ekki rétta mynd af fjölbreytileika mannlífsins þar sem börnin einskorða ákveðnar þjóðir við vissar hefðir og sjá ekki heildar myndina. Önnur leið er oft notuð sem hefur svipuð áhrif og sú fyrsta, þau áhrif að börnin fá ekki rétt innsæi inn í hvað fjölmennning er í raun og veru. Það er þegar skólar bæta efni við kennsluna, til dæmis bókum og myndum, en námskráin sjálf er ekki endurskoðuð eða bætt. Þriðja leiðin er í raun á skjön við fyrstu tvær þar sem þá er

námskráin alveg endurskoðuð, stefnu hennar og uppbyggingu er kollvarpað. Banks er hlyntari þeirri stefnu og telur það hafa þau áhrif á börnin að þau geti, ólíkt því sem gerist í hinum tveimur aðferðunum, séð hlutina út frá fjölbreyttum þjóðernis sjónarhornum. Þegar kemur að fjórðu leiðinni sem oft er notuð til að innleiða fjölmennningarlega kennslu, þá samanstendur hún, eins og sú þriðja, af því að breyta námskránni að öllu leyti og til viðbótar við það þá er mikið lagt upp úr því að börnin læri þá tækni að taka ákvarðanir og framkvæma. Það má segja að meginmarkmið þessarar leiðar sé að hjálfa börnin í ákvörðunartöku og æfa þau í félagslegri gagnrýni (Banks, 2010).

Margar af þeim aðferðum sem fjallað er um í tengslum við fjölmennningarlegt skólastarf eru miðaðar út frá kennslu í grunnskólum. Þar sem grunnþættir menntunnar eru þeir sömu fyrir grunn- og leikskóla er gott að hafa þessar aðferðir til hliðsjónar þegar unnið er að markmiðum sem hægt er að setja sér í vinnu með fjölmennningarlegum barnahóp í leikskólum. Guðrún Pétursdóttir (2003) fjallar um fjölmennningarlega kennslu og samvinnunám. Hún segir fjölmennningarlega kennslu ganga út frá nýjum kennsluaðferðum og nýjum kennslumarkmiðum þar sem fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar og margir leikir og æfingar hafa verið þróuð. Hún sér hana fyrir sér sem lærdóm fólks af mismunandi þjóðerni, fólks með mismunandi menningarlegan og trúarlegan uppruna, fólks með mismunandi hæfni og ólíka getu á mismunandi sviðum. Meginmarkmið fjölmennningarlegrar kennslu er að stuðla að því að gera alla meðlimi samfélagsins fjölmennningarlega hæfa. Samvinnunám er kennsluaðferð þar sem nemendahópnum er skipt upp í hópa og unnið er með verkefni í hverjum hóp fyrir sig, þar er mikilvægt að hafa fjölbreytt námsefni. Börnin fá sitt hlutverk hvert í hópavinnunni, einn getur verið hópstjóri, annar ritari og svo framvegis. Það hentar ekki öllum börnum að vinna eftir hefðbundnum kennsluaðferðum og þurfa að sitja og hlusta á kennara þylja upp námsefnið. Börnin fá betri innsýn inn í málefnið sem lært er um og þurfa að taka ábyrgð á sínu hlutverki í hópnum. Samvinnunámið auðveldar þeim þar með að nálgast efnið á sinn hátt, en einnig að hjálpast að og taka tillit til þeirra sem eru að vinna verkefnið með þeim. Allir eru samábyrgir fyrir verkefninu og ábyrgir fyrir því að allir taki þátt í hópavinnunni. Í slíkri hópavinnu er ekki um neinar beinharðar niðurstöður að ræða heldur er það viðhorf og hugmyndir barnanna sem fá að njóta sín og er þetta því kjörin aðferð til að nota við fjölmennningarlega kennslu. Hver og einn einstaklingur fær þá tilfinningu að hann sé metinn að verðleikum og sé mikilvægur hluti af hópavinnunni burtséð frá ytri einkennum þeirra eða hæfileikum þeirra á ákveðnum sviðum. Félagshæfni barnanna styrkist við slíka vinnu og ef unnið er reglulega

með samvinnunám þá læra börnin samskiptahæfni og víkka sjóndeildarhring sinn þegar þau hafa samskipti við aðra með ólíka námshæfni, af öðrum uppruna og af öðru kyni. Börnin læra að takast á við fjölbreytileikann og nýta hann á jákvæðan hátt. Eins og áður kom fram þá er slík vinna hugsuð fyrir grunnskólabörn, en að sjálfsögðu er hægt að nýta sér slíka hugmyndafræði þegar kemur að vinnu með leikskólabörnum. Þar er einnig mikilvægt að byrja sem fyrst að kenna börnunum að vinna í sameiningu að verkefnum og að hlutdeild allra skipti máli, að allir séu góðir í einhverju og að ýta undir þá hæfileika til dæmis í hópastarfi eða annarri sameiginlegri verkefnavinnu eða samverustund. Á leikskólastigi hefur reynst best að fjölmennningarleg kennsla leggi meiri áherslu á fjölbreytileikann almennt fremur en að gera ólíka uppruna að sérstöku viðfangsefni. Þegar börnum er kennt að menningarlegur fjölbreytileiki er eðlilegur hluti samfélagsins og að hann kemur ekki í veg fyrir jákvæð og uppbyggjandi samskipti læra þau að takast á við fjölbreytileikann almennt og skilja hann. Til eru margir leikir og æfingar til að æfa félagslega- og fjölmennningarlega færni leikskólabarna þannig að þau séu undirbúin fyrir áframhaldandi skólagöngu og líf í fjölmennningarlegu samfélagi (Guðrún Pétursdóttir, 2003). Þegar kennarar vinna með fjölbreyttan nemendahóp þurfa þeir að einbeita sér að því að nota aðferðir sem henta öllum. Stritikus og Varghese (2010) fjalla um aðferðir sem svipar örlítið til samvinnunáms. Tillögur þeirra ganga út á það að gott getur verið að umorða þegar verið er að tala við börnin og hafa útskýringar sjónrænar fyrir þau. Ein kennsluáferð getur verið að setja upp verkefni þar sem börnin eiga auðvelt með að leysa verkefni svo að þau stressist ekki upp við úrvinnslu verkefnanna og finnst þau áorka miklu. Gott getur verið að hafa hópavinnu sem sett er þannig upp að börnin verði að eiga í samskiptum við hvort annað, læra að hlusta og tala við hvort annað (Stritikus og Varghese, 2010).

5.2 Mikilvægi þess að ýta undir menningu barna í leikskólum

Rannsóknir sýna að tvítyngd börn læra best og ná sem bestum árangri þegar tungumáli þeirra og menningu er gert hátt undir höfði í námsumhverfi þeirra (Stritikus og Varghese, 2010). Því er mikilvægt þegar unnið er undir formerkjum fjölmennningarlegs skólastarfs að virða menningu og tungumál allra barnanna í leikskólanum. Áður en lengra er haldið ber þó að hafa í huga að samráð skal ávallt hafa við foreldra og óskir þeirra virtar ef það á að vinna með og gera menningu þeirra sýnilega í leikskólanum (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Margar leiðir eru til þess að vinna með menningu barnanna í leikskólanum, það má lesa

bækur frá þeirra heimamenningu, segja sögur frá þeirra menningu, skoða myndir frá hinum ýmsu löndum og syngja og hlusta á fjölbreytta tónlist. Hér á eftir verður fjallað um tvær leiðir sem farnar voru í grunnskólum erlendis til að ýta undir menningu og tungumál barnanna. Fræðimaðurinn Cummins (2006) fjallar um verkefni sem unnið var í skóla í Kanada og gekk út á sýningu á sögum barnanna í skólanum í samvinnu við þau. Sögurnar voru settar upp á tungumálum barnanna og börnin fengin til að kynna tungumál sín fyrir samnemendum sínum. Í fyrstu fannst börnunum vandræðalegt að segja frá sér og sínu heimili og menningu. En með tímanum og með hvatningu frá kennaranum áttuðu börnin sig á lögmæti sagnanna og tungumáls síns og fundu fyrir mætti menningar sinnar og tungumáls. Með tíð og tíma urðu þau stolt af arfleidd sinni og allir lærðu mikið um fjölbreytt tungumál, ný stafróf og mállýskur (Cummins, 2006). Hélot og Young (2006) gerðu rannsókn á fjölmenningarlegu verkefni í Didenheim héraði í Frakklandi. Þar var unnið með fjölmenningarlegt verkefni meðal barna í einum grunnskóla. Upphaflega var verkefninu komið á laggirnar til að kynna fjölbreytileikann í menningu og tungumálum innan skólans og til að bæta mórallinn í skólanum. Verkefnið var unnið í þeirri von að opna huga barnanna og gera þau umburðarlyndari gagnvart hvert öðru. Til þess að ná þeim árangri var unnið að því að deila með hvert öðru, nemendum, kennurum og foreldrum öllum þeim ólíku menningarheimum sem fyrirfundust í skólanum. Þrír bekkir tóku þátt í verkefninu og gerðu kennarar sér grein fyrir að verkefnið átti ekki bara heima innan veggja bekkjarins heldur fengu þeir foreldra í lið með sér og byggðu verkefnið upp að miklum hluta á þátttöku þeirra. Foreldrarnir voru beðnir um að koma í bekkina og kynna fyrir börnunum tungumál sín og menningu og var von starfsfólks skólans sú að börnin myndu kynnast því að mörg af samnemendum þeirra töluðu fleira en eitt tungumál og þekktu fleiri en eina menningu og að barnahópurinn sæi að í því fælist kostur og auður. Foreldrarnir voru með kynningu á mjög fjölbreyttan hátt og sýndi það sig hvernig er hægt að kynna tungumál og menningu á margvíslega vegu. Kynningarnar samanstóðu af söng, eldamennsku, þau lærðu hinar ýmsu kurteisisreglur ólíkrar menningar, landafræði, sögulegar frásagnir, lærðu um nokkra hátíðisdaga og sáu mismunandi letur og skrift svo eitthvað sé nefnt. Börnin lærðu að bera virðingu fyrir þeim tungumálum sem aðrir bekkjarfélagar þeirra töluðu og voru mun umburðarlyndari gagnvart hvert öðru og jákvæðari í garð nýrrar menningar. Foreldrar töluðu meira að segja um það að börnin væru ófeimnari í sinn garð og tækju sér betur eftir verkefnið. Það var því niðurstaða kennara að þar sem börnin voru umburðarlyndari í garð hvors annars og gekk betur að leysa ágreining

ef að hann kom upp að verkefnið hafi heppnast vonum frammar. Börnin og skólasamfélagið er í raun smækkuð mynd af samfélaginu og þar þurfa börn að læra að virða hvert annað og lifa í sátt og samlyndi. Þeir sáu mikilvægi þess að kynna menningu og tungumál annarra þjóða og barnanna fyrir börnunum, það minnkaði bilið milli skóla- og heimameningar og börnin lærðu að fjölbreytileiki mannlífsins er hluti af okkar heimi og hann beri að virða (Hélot og Young, 2006). Samkvæmt Genesee, Paradis og Crago (2004) eiga þeir sem vinna með tvítyngdum börnum að vera vakandi fyrir því að það getur verið viðkvæmt fyrir börnin þegar menning þeirra er kynnt en þó er það afar mikilvægt fyrir börnin. Börn sem læra tvö tungumál eru oft alin upp við fleiri en eina menningu og má því segja að þau séu með tvöfalda færni í því að læra þar sem þau þurfa ekki bara að læra að nota tungumálin sem þau tala heldur hvernig þau eigi að nota tungumálin í hverju menningarsamfélagi fyrir sig. Þau læra hvernig þau eiga að nota tungumálin með því að fylgjast með fólkinu í kringum þau, þeim sem þau búa með, þeim sem kenna þeim og í raun með að fylgjast með öllum sem tala við þau (Genesee, Paradis og Crago, 2004). Að þeim ástæðum er einnig mikilvægt fyrir samnemendur þessara barna að fá tækifæri til að kynnast menningu barnanna og fá að skyggast inn í þeirra menningarheim, þá skilja þau mikilvægi margbreytileikans og skilja samnemendur sína betur.

Það er mismikið unnið með slíkt starf í leikskólum á Íslandi, margir hafa komið sér upp leiðum til að gera menningu barnanna hátt undir höfði. Fríða Bjarney Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2005) unnu að þróunarverkefninu “Lækjarborg Fjölmennningarlegur leikskóli 2001-2004”. Þar voru ýmis verkefni sett á laggirnar til þess að ýta undir menningu allra barnanna í leikskólanum. *Stjarna vikunnar* er til dæmis verkefni sem hægt er að nýta á öllum deildum þar sem hvert barn fær að njóta sín í heila viku. Þá eru settar myndir af barninu að heiman uppá vegg og má barnið segja frá myndunum og þar af leiðandi frá sinni heimameningu. Svipað verkefni er útfært sumstaðar þar sem börnin fara með lítinn bangsa með sér heim úr leikskólanum. Foreldrar og börn setja myndir af dvölinni saman í sérstaka bók og skrifað er um það sem gert var utan skólans með bangsanum. Eru þetta góðar leiðir fyrir öll börn í skólanum til að kynna fyrir samnemendum sínum hvernig þeirra heimamening er og að þau fái góðan tíma af athygli frá kennara og hinum börnunum. Í þróunarverkefninu var einnig unnið með persónubrúður, en þær er einnig leið til að vinna með menningu allra barna. Þær eru í raun tæki til að segja sögu, kennarar útbúa ákveðna persónu sem breytist ekki út frá hverri brúðu og nota þær svo í starfi. Brúðurnar sýna börnunum hvað sé líkt og ólíkt með þeim og að

það geti verið gott að vera öðruvísi. Þær geta kennt börnunum að taka tillit, kosti þess að sýna tilfinningar og margt fleira (Fríða Bjarney Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2005).

5.3 Sérstakur stuðningur við tvítyngd börn í leikskólastarfi

Hanna Ragnarsdóttir (2002, 2007a) fjallar um það að þegar erlend börn byrja í leikskóla þurfi þau oft meiri stuðning við að aðlagast en önnur börn svo þeim líði sem best og njóti sín sem einstaklingar. Um er að ræða tímabundinn stuðning í upphafi dvalar á meðan þau átta sig á nýjum siðum, venjum og ná tökum á nýju tungumáli. Hafa verður í huga að börnin sem eru þegar á leikskólanum verða líka að fá stuðning til þess að kynnst og laga sig að nýju börnunum, læra um siði þeirra og venjur. Í þeim rannsóknum sem Hanna hefur framkvæmt í íslenskum leikskólum hefur ekki verið hugað að þessu. Börn með annað móðurmál fengu ekki sérstakan stuðning og tóku þátt í leik og starfi í leikskólanum eins og öll börnin. Í þeim leikskólum var undirbúningur fyrir komu erlendra barna sá sami og þeirra íslensku og sá hugsunarháttur var að ekki þyrfti neitt sérstaklega að undirbúa hin börnin á deildinni né starfsfólk skólans fyrir komu þessara barna. Í rannsóknunum kom einnig fram að í þeim skólum þar sem rannsóknirnar voru framkvæmdar var ekki talið nein sérstök þörf að styðja sérstaklega við þau börn sem eiga annað foreldri íslenskt, börn sem eru tvítyngd frá grunni og tala íslensku til viðbótar við annað tungumál. Það var ekkert unnið með að kynna menningu þeirra barna, hitt tungumálið eða trúarbrögð. Það var skoðun leikskólastjóra í þessari rannsókn að ef börn ættu annað foreldri íslenskt þá væri ekki þörf á stuðningi við erlenda móðurmálið né sérstaka málörvun (Hanna Ragnarsdóttir, 2002, 2007a). Samkvæmt Hafdís Guðjónsdóttur og Jóhönnu Karlsdóttur (2010) þurfa börn með annað móðurmál en íslensku sérstakan stuðning (e. scaffolding) þegar þau hefja nám í íslenskum skóla. Þau þurfa aðstoð vegna þess að þau hafa ekki tungumálið á sínu valdi og stuðningurinn hjálpar þeim að auka orðaforða sinn. Þegar börn ráða sjálf við viðfangsefni í bekknum eða námshópnum er smátt og smátt hægt að draga úr stuðningnum (Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010). Í leikskóla gerist það í öllum daglegum samskiptum að orðaforði barnanna er eflur og hvert tækifæri nýtt til að styrkja íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð, hugtök og þróa tungumálið (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Ýmsar aðferðir eru til að kynna þeim ný orð á íslensku. Hildur Baldursdóttir og Elísabet Valgerður Magnúsdóttir (2007) útbjuggu til dæmis í lokaverkefni sínu myndræna orðabók, *Ljáðu mér orð*, sem getur nýst þegar börn sem ekki tala íslensku eru að byrja í

leikskola. Bókin inniheldur myndir af daglegu starfi og þar eru athafnir skýrðar bæði á íslensku og á móðurmáli barnsins. Slík bók getur auðveldað börnunum fyrstu samskipti sín í leikskólanum og að aðlagast nýjum aðstæðum um leið og bókin er tæki fyrir kennara til að tengja saman tvo menningarheima barnsins (Hildur Baldursdóttir og Elísabet Valgerður Magnúsdóttir, 2007). Hanna Ragnarsdóttir (2007a) fjallar um það hversu mikilvægt er að aðlaga aðstæður og þarfir eftir hverju barni fyrir sig og detta ekki í þá gryfju að alhæfa, á þann hátt að öll börn með annað móðurmál þurfi það sama. Mikilvægt er að hægt sé að byggja á grundvallarhugmyndafræði skólustarfs í fjölmenningsarsamfélagi (Hanna Ragnarsdóttir, 2007a).

5.4 Fjölbreytt námsefni og leikur

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur skýrt fram að hlutverk leikskólakennara er að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann hátt að öll börn fái notið bernsku sinnar. Þar kemur einnig fram að umhverfi skólans eigi að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barnanna. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að menning er samofin öllu starfi í leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Þar af leiðandi er það hlutverk leikskólakennarans að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnum þar sem þau geta nálgast viðfangsefnin frá mörgum hliðum og á eigin forsendum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Aðgengi barna að fjölmenningsarlegu námsefni eykur víðsýni þeirra og hefur þau áhrif að þau fara að sjá fjölbreytni sem kost (Fríða Bjarney Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2005). Fræðimenn eru sammála um að þegar valið er leikefni er mikilvægt að börn með mismunandi menningu hafi gott aðgengi að leikefninu og það endurspegli þeirra menningu á einhvern hátt. Þá þarf að hafa öll börnin í huga og hafa fjölbreytt val á leikefni og að umhverfið sé skipulagt með það í huga. Til að mynda ef að kennarar setja myndir á veggina, er mikilvægt að þeir hafi ekki staðlaðar myndir. Mynd af Mexíkó að borða kornflögur getur gert börnin þröngsýn og einskorðað hugmyndir þeirra um einstakling frá Mexíkó. Má einnig yfirfæra þessa vangaveltu yfir á leikefni eða námsefni þegar kemur að heimamenningum barnanna. Bækur til að mynda eða myndir á veggjum ættu að endurspeglar allar gerðir af fjölskyldum, að börnin verði meðvituð um að það eru til mörg fjölskyldumynstur, að sumstaðar séu tvær mömmur eða á öðrum stað engin móðir. Það auðveldar börnunum að skilja kynhlutverk og víkka skoðanir þeirra og sjóndeildarhring á hinum fjölbreyttu hlutverkum kynjanna (Hafdís Guðjónsdóttir

og Jóhanna Karlsdóttir, 2010; MacNaughton og Williams, 2009). Leikskólakennarar hafa það hlutverk að kynna íslenska þjóðmenningu fyrir börnum í leikskólum, leikskólinn á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess (Aðalnámskrá, 2011). Hafa verður í huga að sum börn hafa einungis leikskólastarfið til að kynnast íslenskri menningu. Þau horfa ef til vill bara á erlent sjónvarpsefni heima hjá sér og dæmi eru um að börnin fari ekki í leikhús og sjái það sem er vinsælt hverju sinni. Það getur því verið hlutverk kennara að kynna það efni að einhverju leyti fyrir börnunum. Ef að Dýrin í Hálsaskógi eru í sýningu í leikhúsinu og mikið um það að börnin séu að leika sér sem Lilli klifurmús og Mikki refur getur verið gott ráð að hlusta á söguna í leikskólanum svo allir kynnist henni. Samkvæmt Þórdísi Þórðardóttur (2007) hefur mikið af þjóðlegu barnaefni verið gefið út á diskum og myndefni er einnig fáanlegt. Þekking á barnaefni er forsenda fyrir góðum samskiptum milli barna í leikskólum. Þau nota söguhetjur sem efni í leik og skapandi starfi um leið og þau tengja söguna við raunverulega upplifun. Því er mikilvægt fyrir börnin að þekkja þær hetjur sem eru vinsælar hverju sinni. Barnaefni getur falið í sér mikla möguleika um nám og nauðsynlegt er að skoða hvernig hægt er að nýta það sem og annað afþreyingarefni fyrir börn, eins og barnabókmenntir til að þróa viðhorf leikskólabarna um jöfnuð. Fyrir þá sem vinna að stefnumótun í leikskólum getur verið gagnlegt að skoða hvaða hlutverki barnabókmenntir og afþreying gegna í samhengi við hvaða áhrif upprunalegt þjóðerni hefur á nám barnanna. Í rannsókn þar sem tekið var viðtal við átta leikskólakennara töldu þeir að þjóðlegt barnaefni væri veigamikið í námi barnanna þar sem þau fengu þá tilfinningu að tilheyra ákveðnum hópi og þeir taka undir þá skoðun að það sé uppspretta leikja hjá börnunum í leikskólanum. Það vegi líka upp á móti öllu því fjöldaframleidda efni sem sýnt er í sjónvarpinu og er í öllum fjölmiðlum (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

5.5 Aðlögun

Aðlögun barna er stór og mikilvægur þáttur í leikskólagöngu barna. Hún setur tóninn fyrir komandi veru barnanna í leikskólanum og er því mikilvægt að aðlögun gangi vel. Börnum og foreldrum verður að finnast þau velkomin í leikskólann. Í Starfslýsingu leikskólakennara (2006) kemur fram að hann eigi að sjá um aðlögun allra barna og er það undir honum komið hvernig staðið er að henni. Hér á eftir koma fram hugmyndir að mikilvægum þáttum sem gott getur verið að hafa í huga þegar tvítýngd og erlend börn eru að koma inn í leikskólann.

Hanna Ragnarsdóttir (2002, 2011) segir í skrifum sínum að fjölbreytni barnahópsins innan leikskólans sé mikil og þarfir barnanna misjafnar og ólíkar. Það að taka á móti erlendum börnum krefjist þekkingar starfsfólksins innan leikskólanna og jafnvel nokkurrar viðhorfsbreytinga þeirra gagnvart fordómum og ranghugmyndum. Aðlögun erlendu barnanna er að öðru leyti sú sama og íslensku barnanna því taka þarf tillit til þarfa hvers og eins barns hvort sem það er af erlendum eða íslenskum uppruna. Þó þarf að huga að sögu, tungumáli, trúarbrögðum og menningu erlendu barnanna í aðlögun þeirra og við það ferli skiptir miklu máli að hafa góðar og vel úthugaðar móttökuáætlanir til að styðjast við. Við móttöku erlendra barna er einnig mikilvægt að fá upplýsingar um aðstæður barns og fjölskyldu þess ásamt líkamlegu, andlegu og félagslegu ástandi barnsins. Þetta getur verið viðkvæmt málefni og þarf því að sýna mikla virðingu og aðgát þegar þessum upplýsingum er safnað. Aðlögun erlendra barna í leikskólum getur tekið lengri tíma en hjá þeim íslensku en í nokkrum tilvikum verður aðlögunin styttri þar sem erlendu foreldrarir skilja oft ekki mikilvægi aðlögunarinnar og vilja drífa sig aftur að vinna. Í flestum tilvikum er ekki hafður túlkur með í því ferli sem aðlögun erlendra barna felur í sér, þó er stundum gripið til þess ráðs að nota starfsfólk sem talar sama tungumál og barnið til stuðnings í aðlöguninni eða jafnvel önnur börn leikskólans með sama móðurmál. Við aðlögun erlendra barna þarf að gæta þess að ekki sé alhæft um einhverjar sérstakar kjöraðstæður aðlögunar eða segja að tiltekinn hópur þurfi eins aðlögunarferli. Grundvallarþekking leikskólans á málefnum innflytjendabarna og góð samskipti milli heimilis og skóla eru mjög mikilvæg atriði ef aðlögun erlendra barna á að ganga vel, ásamt stuðningi við íslenskunám þeirra svo þau geti orðið virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og átt í samskiptum við jafnaldra sína. Að lokum má nefna að oft eru ýmsir erfiðleikar sem fylgja komu erlendra barna í leikskólann og er það þá helst tengt skorti á undirbúningi starfsfólksins, skorti á upplýsingum um barnið og aðstæðum þess, misskilnings vegna tungumálaörðugleika og því að upplýsingar komast ekki til skila. Óöryggi og þekkingarleysi stjórnenda við að taka á móti erlendum börnum er einnig stór þáttur í að erfiðleikar myndist við komu erlendra barna inn í leikskólann (Hanna Ragnarsdóttir, 2002, 2011).

Fríða Bjarney Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2005) unnu að þróunarverkefni um fjölmenningu í leikskólanum Lækjarborg. Þar var unnið að hugmyndum til að gera aðlögun allra barna sem besta og sérstaklega með það í huga að taka vel á móti fjölmenningslegum barna- og foreldrahópi. Öllum foreldrum af erlendum uppruna er boðið upp á að fyrsta viðtal fari fram á heimili þeirra. Markmiðið

með heimaviðtölum er að mynda góð tengsl við foreldra og börn strax í byrjun leikskólagöngunnar. Áður en viðtalið fer fram er athugað hvort foreldrarnir þurfi á túlk að halda, þeir spurðir hvort þeir vilji fá túlk og þýðingar og ef þeir vilja það þá eru þeir einnig spurðir hvort þeir vilji ákveða það sjálfir hverjir annist það. Sérstakur gátlisti er hafður með í viðtalið þar sem koma fram bæði almennar spurningar um barnið ásamt spurningum eins og um upprunalönd foreldra, hvað barnið sé kallað heima, hvort nafn barnsins hafi einhverja sérstaka merkingu, hvaða tungumál barnið talar og hvaða tungumál foreldrarnir tala, sérstakir siðir er varða menningu þeirra og hvort það sé einhver hátíðisdagur tengdur menningu þeirra sem þeir vilja að sé minnst á í leikskólanum. Einnig eru foreldrarnir spurðir spurninga sem ekki eru skrifaðar niður eins og spurningar sem tengjast menningu þeirra, það er gert til þess að kennararnir geti kynnst þeirri menningu betur og fært hana þannig inn í leikskólann. Foreldrarnir eru svo spurðir hvort þeir geti útvegað fána heimalands síns ásamt myndum, bókum, tónlist eða leikefni frá heimalandinu. Til þess að kennararnir geti gert móðurmál barnsins sýnilegt innan leikskólans eru foreldrarnir beðnir um að gera orðalista á þeirra tungumáli yfir algengar kveðjur eins og góðan daginn, velkomin og það hvernig eigi að telja upp að tíu. Í lok viðtalsins eru foreldrarnir minntir á mikilvægi þess að þeir tali ávallt móðurmál sitt við barnið (Fríða Bjarney Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2005).

Skólaskrifstofa Suðurlands (2007) hefur búið til bækling með hagnýtum upplýsingum fyrir leik- og grunnskóla sem gott er að hafa til hliðsjónar þegar tekið er á móti barni af erlendum uppruna. Í bæklingnum eru fyrst teknar saman almennar upplýsingar um móttöku barns af erlendum uppruna fyrir bæði leik- og grunnskóla og svo er farið nánar í hvort skólastigið fyrir sig. Í almenna hluta bæklingsins kemur fram að á fyrsta fundi skólans skulu báðir foreldrar barnsins mæta ásamt skólastjóra og deildarstjóra eða bekkjarkennara, ef foreldrarnir tala ekki íslensku skal einnig hafa túlk með á fundinum. Mikilvægt er að hafa í huga að það getur verið erfitt fyrir barn af erlendum uppruna að byrja í skóla þar sem talað er annað tungumál og umhverfið er framandi, því skiptir öllu máli að barnið fái þá móttöku og þann stuðning sem það þarf innan skólans. Starfsmenn skólanna eiga að leggja áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra barna af erlendum uppruna strax frá upphafi. Starfsmenn veita foreldrum upplýsingar um lög og reglur sem gilda í samfélaginu um réttindi barna og foreldra ásamt eðli og tilgangi skólastarfsins. Foreldrar geta svo veitt starfsmönnum upplýsingar um menningu og siði heimalands síns og koma jafnvel með fána landsins, myndir, tónlist, bækur, leikefni og

orðalista með algengum kveðjum frá heimalandi sínu í skólann. Gott er að hafa móðurmál barnsins sýnilegt í skólastofunni og leyfa barninu að kynna það fyrir samnemendum sínum. Einnig er mikilvægt að starfsfólk hvetji foreldra barnsins til að viðhalda móðurmáli þess heima því barn verður fyrst að ná fullum tókum á móðurmáli sínu til þess að geta tileinkað sér annað tungumál. Að lokum er komið inn á það að mikilvægt sé að allt starfsfólk skólans sé jákvætt og fordómalaust gagnvart fjölmenningu og vilji auka þekkingu sína og færni í því að vinna með fjölmennigarlegum hópi barna og að kenna íslensku sem annað mál. Í þeim hluta bæklingisins sem snýr eingöngu að móttöku barna af erlendum uppruna í leikskóla eru taldar upp annars vegar þær upplýsingar sem foreldrar barnanna þurfa að fá í byrjun skólagöngunnar frá leikskólanum og hins vegar þær upplýsingar sem leikskólinn þarf að fá frá foreldrunum. Tekið er fram að þessi listi upplýsinga er ekki tæmandi og að þær upplýsingar sem foreldrarnir fá frá leikskólanum þurfi að vera skriflegar og á þeirra móðurmáli. Þær upplýsingar sem foreldrarnir eiga að fá innihalda meðal annars þá þjónustu sem börnum af erlendum uppruna stendur til boða í leikskólanum, skólanámskráin, skóladagatalið, dagskipulagið, hvaða starfsfólk vinni með barninu dagsdaglega, símanúmer og netfang leikskólans, hvernig tilkynna eigi veikindi og forföll til leikskólans, vistunartímar og verðskrá leikskólans, hvaða matur er í boði á leikskólanum, mikilvægi þess að mæta á foreldrafundi og í viðtöl, aðlögunarferli leikskólans, listi yfir hvað barnið á að hafa með sér í leikskólann og reglur/venjur leikskólans um afmæli, ferðalög og útivist. Þær upplýsingar sem leikskólinn þarf að fá frá foreldrum barna af erlendum uppruna eru meðal annars um fjölskyldu barnsins og uppruna, trúarbrögð fjölskyldunnar, hvort barnið hafi orðið fyrir einhverjum áföllum sem gæti haft áhrif á hegðun þess og líðan, áhugamál barnsins, sterkar og veikar hliðar þess, almenn skapgerð barnsins, helstu siðir og venjur frá menningarheimi barnsins, hvaða atvinnu foreldrarnir höfðu í heimalandi sínu og hvaða atvinnu þeir hafi á Íslandi, símanúmer foreldranna, nöfn þeirra sem mega sækja barnið á leikskólann og hvað fjölskyldan ætli að dvelja lengi á Íslandi (Skólaskrifstofa Suðurlands, 2007).

5.6 Samstarf við foreldra

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að starfshættir leikskóla eigi að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfólks og nærsamfélags. Í leikskólanum þurfi að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfsins og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf skólans. Þegar börn hefja skólagöngu þurfa foreldrar

og kennarar að leggja grunn að góðu samstarfi með velferð barnsins að leiðarljósi og þar er gagnkvæmur skilningur og virðing fyrir viðhorfum hvers annars hornsteinninn. Traust verður að ríkja á milli foreldra og skóla svo hægt sé að taka sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Leikskólakennurum ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning. Þegar hugað er að menningu barnanna er stór hluti af því trúarbrögð þar sem trú og trúarlíf eru gjarnan samofin fjölskyldulífi barna. Traust þarf að ríkja á milli skólans og foreldra og skólinn þarf að bera virðingu fyrir lífsskoðunum sem barnið elst upp við. Skólar sem vilja eiga í góðu samstarfi við heimili barnanna verða því að setja niður hvernig þeir ætla að nálgast trúar- og lífsskoðanir og fyrst og fremst verða þeir að tryggja að allir hafi jafnan rétt óháð þessum skoðunum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Samkvæmt Delpit (1995) er mikilvægt að hafa samráð við foreldra þegar menning barnanna er kynnt í skólanum og góð samskipti kennara og foreldra er mikilvægt í farsælu leikskólastarfi og námi barna. Foreldrar erlendra barna geta gefið skýrari mynd af því hver heimamenning barnanna er. Oft á tíðum er mikill munur á þeirri menningu sem börnin búa við og er á heimilinu og þeirri menningu sem þau læra í leikskólanum. Kennarar geta auðveldlega misskilið getu, hæfni eða ásetning barnanna vegna tungumálaörðuleika eða munar á menningu (Delpit, 1995). Í rannsókn Guðlaugar Ólafsdóttur, Hönnu Ragnarsdóttur og Barkar Hansen (2012) sem var gerð á tveim íslenskum skólum og einum enskum skóla þar sem farsælt fjölmenningsstarf var unnið kom fram í niðurstöðum mörg atriði sem þarf að hafa í huga þegar unnið er að samstarfi skóla við foreldra og nærsamfélag. Þar er talið að til að gott samstarf sé á milli foreldra og skóla sé mikilvægt að skólinn hafi frumkvæði að samskiptunum, að foreldrum sé boðið að koma í skólann og að kennarar fylgist með því að foreldrar séu að fá allar þær tilkynningar sem koma frá skólanum. Þar er það haft að leiðarljósi að skólinn hafi milligöngu um fræðslu foreldra um mál er varða skólakerfið. Þar er boðið upp á tulkapjónustu og skólinn hefur samvinnu við foreldrafélög skólanna og hvetur þau til að fá erlenda foreldra til þátttöku í starfi félagsins. Skólarnir kynna fyrir foreldrum tómstundartilboð og annað sem er í boði í nærsamfélaginu fyrir börn (Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen, 2012). Á árunum 2001-2004 unnu Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2006) að þróunarverkefninu *Fjölmenningsleikskóli* í einum leikskóla í Reykjavík. Þar var talið að nauðsynlegt væri að efla samstarf við foreldra og þá sérstaklega við foreldra af erlendum uppruna til að stuðla að fjölmenningslegu leikskólastarfi og gera heimamenningu og tungumál barnanna að virtum þætti í leikskólastarfinu. Talið var að börnin yrðu opnari, áhugasamari og með

meira sjálfstraust þegar foreldrarnir voru sýnilegir og virkari í leikskólasamfélaginu. Niðurstöður sýndu að frumkvæði að samstarfi við foreldrana varð að koma frá starfsfólkinu sjálfu. Í þessu foreldrasamstarfi var eitt af verkefnum að fá foreldra barnanna til að kenna kennurunum nokkur orð á sínu tungumáli, til dæmis að læra að segja “góðan daginn” á tungumáli foreldranna var ákveðið skref sem sýndi áhuga starfsfólks á menningu og tungumáli þeirra og var góð byrjun til að nálgast foreldrana og hefja samstarfið. Starfsfólk varð öruggara í samskiptum við foreldra eftir að hafa tekið þátt í verkefninu. Það var líka lagt uppúr því að bjóða foreldrunum að koma inn á deildirnar og fylgjast með starfinu og jafnvel taka þátt í því með söng eða sögu frá þeirra landi. Markmiðið með þessu þróunarverkefni var einnig að gera upplýsingar um leikskólastarfið aðgengilegra foreldrum, og eru margar góðar hugmyndir um hvernig hægt er að vinna að því. Það var til dæmis mikið tekið af myndum af börnunum við dagleg störf og voru þær hengdar upp í skólanum, hafðar til sýnis í tölvu samdægurs eða settar inn á heimasíðu skólans. Heimasíðan var mikilvægur þáttur í samstarfinu og þar gátu foreldrar fengið hinar ýmsu upplýsingar um starfið og það sem fór fram í leikskólanum. Dagsskipulag deildarinnar var haft sjónrænt og á þeim stað þar sem allir gátu séð það. Þegar farið var út fyrir skólann var lagt sérstaklega upp úr því að sýna myndir úr ferðunum í sértílbúnum bókum sem voru öllum til sýnis (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006).

Kennarar eru mikilvægir tengiliðir foreldra við samfélagið og þurfa þeir að geta gefið skýr skilaboð þar sem foreldrum er greint frá því til hvers er ætlast af þeim, hvar ábyrgð þeirra liggur og hver réttindi þeirra og barna þeirra eru (Hanna Ragnarsdóttir, 2007a). Fræðimenn eru sammála um að samskipti skóla og foreldra geti verið vandasöm en til að gott samstarf skapist þurfi báðir aðilar að vera sammála um þær leiðir sem farnar eru í samstarfinu. Það sé á höndum kennara að skapa jákvætt andrúmsloft og viðhorf hjá foreldrunum gagnvart skólastarfinu og samfélaginu í heild. Kennarar þurfa að virða skoðanir og vinna traust foreldranna til að geta átt í farsælu samstarfi. Það getur verið gott að setja sig í spor foreldranna og hlusta á þá og virða sem jafningja í uppeldisstarfinu. Góðar samræður á milli þessara beggja aðila geta stuðlað að því að komast að sameiginlegri niðurstöðu ef hugmyndir þeirra stangast á. Allt stuðlar þetta að betra námsumhverfi fyrir börnin og eflir þau námslega og félagslega (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010; Hilmar Sigurjónsson og Börkur Hansen, 2010). Hanna Ragnarsdóttir (2002, 2004) nefnir að ef ekki er nægilega gætt að samskiptum við foreldra er hætt á að staða barnanna

sem minnihlutahópur styrkist og þau einangrist frá jafnöldrum sínum og allt þetta getur haft varanleg áhrif á skólagöngu barnanna og líðan þeirra. Í rannsókn hennar kemur fram að í nokkrum leikskólum var gripið til þess ráðs að tala ensku við foreldrana ef íslenskukunnátta var ekki til staðar. Það getur skapað mikinn misskilning og gert samskiptin mun flóknari og hafa verðu í huga að þó flestir hér á landi hafi gott vald á ensku þá er það ekki svo með alla menningarheima (Hanna Ragnarsdóttir, 2002, 2004).

5.7 Fjölsýni og fordómaleysi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er skýrt að leikskólinn eigi að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar, þar á að stuðla að því að börnin þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings. Það er svo í samstarfi við önnur börn og fullorðna sem þau skiptast á skoðunum sínum, finna lausnir og miðla málum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Fræðimenn eru sammála um að veigamikilið atriði í fjölmennningarlegri kennslu er að starfsfólk sé með opinn og víðsýnan hug og að kennslan byggji á því leiðarljósi að fagna margbreytileikanum. Það ætti að vera markmið í fjölmennningarlegri kennslu að kenna um menningu annarra án þess að tala um staðalmyndir. Það vill oft verða í slíkri kennslu að það er kennslan sé um á menningu sem er sjáanleg, svokölluð túristafjölmennning, þar sem til dæmis Mexíkóar séu að sjálfsögðu með mexikóahatt. En hvað ef þú ert ekki með hattinn? Ertu þá ekki Mexíkói? Það er svo mikilvægt atriði í fjölmennningarlegri kennslu og kenna líka um þá hluti í menningunni sem ekki eru sjáanlegir, og jafnvel ekki áþreifanlegir (Banks, 2002; Erickson, 2010). Til dæmis nefnir Þórdís Þórðardóttir (2007) það í sinni rannsókn í leikskólum á Íslandi að svar kennaranna hvort að kynþáttafordóma gætti hjá börnunum í leikskólanum væri jákvætt. Þar var það hugsun barnanna að allir Afríkubúar væru svartir, fátækir, atvinnulausir og byggju í strákofum. Þarna eru börnin með ákveðna og sterka staðalmynd af þeim sem búa í annarri heimsálfu en þau. Það er á ábyrgð leikskólastarfsmannsins að móta umhverfið, umræðurnar og hafa áhrif á skoðanir barnanna sem þeir vinna með þannig að þau myndi sér réttmæta mynd af öðrum menningum (Þórdís Þórðardóttir, 2007). Toshiki Toma (2007) segir staðalmyndir geta verið mjög varasamar og gefið ranga mynd af ákveðnum þjóðernum. Staðalímynd er til dæmis mjög algeng í fjölmiðlum eða auglýsingatilgangi og er það með vilja gert svo að auðveldara sé að festa hlutina á minnið. Staðalmynd er í raun og veru þegar ákveðin ímynd er búin til um sama hópinn. Það má segja að staðalmynd sé uppspretta fordóma. Fordómar, sem má skilgreina sem mat á gildum á einhvern hátt og

mismunun haldast oftast í hendur (Toshiki Toma, 2007). Það má segja að fordómar séu eitthvað sem við dæmum fyrirfram og án þess að þekkja það, við dæmum ekki út frá einstaklingnum sjálfum heldur staðalmyndum (Guðrún Pétursdóttir, 2001). Þórdís Þórðardóttir, 2007) fjallar um þá staðreynd að sumir telja það betra að taka ekki eftir muninum sem má rekja til kyns eða þjóðernis. Er það kallað kynþátta- og kynjablinda og er markmið slíkrar hugsunar að allir séu jafnir og að gera eigi öllum jafn hátt undir höfði og að það eigi að koma eins fram við alla. Það er þó mikilvægt að hver og einn einstaklingur fái að njóta sinna sérstöðu og sérkenna hvort sem þau felast í kyni, þjóðerni eða menningu (Þórdís Þórðardóttir, 2007). Hanna Ragnarsdóttir (2002) nefnir mikilvægi þess að fullorðið fólk séu fyrirmyndir barna og að fordómar hinna fullorðnu skili sér ávallt til barnanna. Þegar unnið er í fjölmennningarlegum skóla beri kennurum að vera meðvitaðir um eigin skoðanir og viðhorf og gefa ekki þau skilaboð til barnahópsins að margbreytileiki sé ekki af hinu góða, að íslensk menning sé eðlileg og önnur þjóðerni séu óvenjuleg. Hún nefnir að það sé í höndum kennara að byggja upp sjálfstraust hjá börnunum og að sérkenni þeirra séu virt og viðurkennd. Börn sem styrkjast í sjálfsmýnd sinni í leikskóla taki með sér öryggið á næstu skólastig (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

6 Lokaorð

Þegar unnið er með fjölmennningarlegum barnahópi er margt sem leikskólakennari þarf að hafa í huga. Mikilvægt er að hefja strax gott fjölmennningarlegt starf í leikskólum þar sem hann leggur grunninn að áframhaldandi skólagöngu og þátttöku barna í fjölmennningarlegu samfélagi. Þegar unnið er að fjölmennningarlegri kennslu er grundvallaratriði að líta á hvern barnahóp sem fjölmennningarlegan og vinna samkvæmt því að öll börn eigi sína heimamenningu. Kennarar í íslensku samfélagi eiga það til að gleyma því að þó svo að ekkert erlent barn sé í barnahópnum þá er hann samt fjölmennningarlegur. Mikilvægt er að hvert barn í leikskólanum fái notið sín sem einstaklingur og að starfið endurspegli menningu hvers barns að einhverju leyti. Gera þarf öllum börnum kleift að vera þátttakendur í leikskólastarfinu og stuðla að jákvæðu umhverfi með fjölbreyttu námsefni sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins. Leikskólakennarar þurfa að vera meðvitaðir um að veita börnum sérstakan stuðning þegar við á. Þegar byggja á upp starf undir formerkjum fjölmennningarlegrar kennslu er ekki nóg að bæta einungis við einstökum þáttum er varða fjölmenningu, heldur verður að endurskoða námsskrá skólans frá grunni og að fjölmennning nái til allra þátta starfsins.

Börn eru fljót að aðlagast nýju tungumáli og eiga auðvelt með að læra fleiri en eitt tungumál. Til þess að vel gangi að læra nýtt tungumál þarf ávallt að hafa í huga að móðurmálið er grunnurinn og þarf að hlúa að því til að geta lært nýtt tungumál. Kennurum ber að virða móðurmál barnsins til dæmis með því að gera það sýnilegt í leikskólanum og hvetja þarf foreldra til að tala móðurmál sitt við börnin sín.

Aðlögun barna og foreldra, sem og gott foreldrasamstarf, gegnir lykilhlutverki í vinnu með fjölmennningarlegum barnahópi. Kennarar þurfa að leggja grunninn að samskiptum við alla foreldra en þurfa oft að leggja sig meira fram í samskiptum við erlendu foreldrana. Foreldrar þurfa að fá skýr skilaboð um hvers er ætlast til af þeim og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla þarf að vera gott. Góð samvinna og traust til foreldra veitir börnum öryggi og sjálfstraust í skólastarfinu og stuðlar að betri námsárangri þeirra og hjálpar þeim í aðlögun við nýtt samfélag. Foreldrar eru mikilvægur hluti í því að gera leikskólastarfið fjölmennningarlegt. Þeir geta til dæmis komið með myndir, leikföng, bækur, tónlist og fleira að heiman ásamt því að kenna starfsfólkinu algeng orð á þeirra

móðurmáli. Þegar menning barnanna er gerð sýnileg í leikskólanum skal hafa í huga að gott samráð skal haft við foreldrana.

Fjölmennningarstarf í leikskólum getur spornað við fordómum. Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að viðhorf þeirra endurspeglast oftast en ekki í skoðunum barnanna og þarf því leikskólakennarinn að temja sér jákvæða og víðsýna hugsun. Staðalmyndir ýta undir fordóma og þarf að vera vakandi fyrir því að þær séu ekki til staðar í umhverfi og starfi leikskólans.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2006). Samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna. *Uppeldi og menntun*, 15 (2), 31-47.
- Banks, J. A. (2002). *An Introduction to Multicultural Education, third edition* (3. útgáfa). Boston, MA: Allyn & Bacon.
- Banks, J. A. (2010). Approaches to multicultural curriculum reform. Í J. A. Banks og C. A. McGee Banks (Ritstj.), *Multicultural Education: Issues and Perspectives, seventh edition* (7. útgáfa) (bls. 237-248). Hoboken, NJ: John Wiley & Sons, Inc.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). Kenningar um tileinkun og nám annars máls og erlendra mála. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (Ritstj.), *Mál málanna. Um nám og kennslu erlendra tungumála* (bls. 13-47). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og höfundar.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2008). Tvítýngi, annað mál, erlent mál. *Málfríður*, 24 (1), 17-23.
- Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölmennning og þróun skóla. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (Ritstj.), *Fjölmennning og skólustarf* (bls. 17-37). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Cummins, J. (2006). Identity texts: The imaginative construction of self through multiliteracies pedagogy. Í O. García, T. Skutnabb-Kangas og M.E Torres-Guzmán (Ritstj.), *Imagining Multilingual Schools: Languages in Education and Globalization* (bls. 51-62). Clevedon: Multilingual matters Ltd.
- Delpit, L. (1995). *Other People's Children: Cultural Conflict in the Classroom*. New York, NY: The New Press.
- Erickson, F. (2010). Culture in society and in educational practices. Í J. A. Banks og C. A. McGee Banks (Ritstj.), *Multicultural Education: Issues and Perspectives, seventh edition* (7. útgáfa) (bls. 35-44). Hoboken, NJ: John Wiley & Sons, Inc.

- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítýngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101-128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2000). Tvítýngd leikskólabörn. *Uppeldi og menntun*, 9(1), 95-112.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2007). Sjálfsmynd í fjölmenningsamfélagi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 77-98). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Fjölskyldur í fjölmenningsamfélagi og samstarf skóla og heimila. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (Ritstj.). *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 257-285). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Sótt 2. maí 2014 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf.
- Fjölmenningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík. (2006). Sótt 2. maí 2014 af: http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/fjolmenningarstefna_leikskolaJan2006.pdf
- Fjölmenningarstefna Eyþing. (2009). Sótt 2. maí 2014 af: <http://www.oddak.akureyri.is/nybuadeild/fjolmenningarstefna.pdf>.
- Fríða Bjarney Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2005). *Lækjarborg: Fjölmennningarlegur leikskóli, 2001-2004*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Genesee, F. (1994). *Educating Second Language Children: The Whole Child, The Whole Curriculum, The Hole Community*. Cambridge: Cambridge Univeristy Press.
- Genesee, F., Paradis, J. og Crago, M. B. (2004). *Dual Language Development & Disorders. A Handbook on Bilingualism & Second Language Learning*. Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.
- Goodz, N. (1994). Interactions between parents and children in bilingual families. Í F. Genesee (Ritstj.), *Educating Second Language Children* (bls. 64). New York: Cambridge University Press.

- Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen. (2012). Hvað má læra af farsælli reynslu þriggja grunnskóla af fjölmennningarlegu starfi? *Uppeldi og menntun*, 21(1), 29-51.
- Guðrún Pétursdóttir. (2001). Kynþáttafordómar og leiðir til að vinna gegn þeim. *Vera*, (3), 18-19.
- Guðrún Pétursdóttir. (2003). *Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmennningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Hólar.
- Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2010). Kennsla í fjölbreyttum nemendahópi. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (Ritstj). *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 187-205). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (2009). Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2008. *Hagtíðindi*, 94(4). Sótt 2. maí 2014 af: slóð <http://www.staticis.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9077>.
- Hagstofa Íslands. (2013). *Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998-2012*. Sótt 2. maí 2014 af: <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO01103%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+me%F0+erlent+m%F3%F0urm%E11+1998%2D2012++%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hagstofa Íslands. (2013). *Börn í leikskólum með erlent móðurmál eftir aldri og kyni 1998-2012*. Sótt 2. maí 2014 af: <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO01104%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+me%F0+erlent+m%F3%F0urm%E11+eftir+aldri+og+kyni+1998%2D2012++%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>.
- Hagstofa Íslands. (2013). *Börn í leikskólum með erlent ríkisfang 2001-2012*. Sótt 2. maí 2014 af: <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO01106%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+me%F0+erlent+r%EDkisfang+2001%2D2012++%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.

- Hagstofa Íslands. (2013). *Erlendir ríkisborgarar 1950-2013*. Sótt 2. maí 2014 af: <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgarar+1950%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>.
- Hagstofa Íslands. (2013). *Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2013*. Sótt 8. febrúar 2014 af: <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN12103%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+f%E6%F0ingarlandi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/Faedingarland/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmennningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11(1), 51-80.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Vilji og væntingar: rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 91-110.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007a). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 249-271). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007b). *Collisions and Continuities: Ten Immigrant Families and Their Children in Icelandic Society and Schools*. Oslo: University of Oslo.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007c). Fjölmenningarfræði. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 17-40). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda: reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 53-70.
- Hélot, C. og Young, A. (2006). A imagining multilingual education in France: a language and cultural awareness project at primary level. Í O. García, T. Skutnabb-Kangas og M.E. Torres-Guzmán (Ritstj.), *Imagining Multilingual Schools: Languages in Education and Globalization* (bls. 69-87). Clevedon: Multilingual matters Ltd.
- Hildur Baldursdóttir og Elísabet Valgerður Magnúsdóttir. (2007). *Ljáðu mér orð: myndræn orðabók fyrir börn með annað móðurmál en íslensku*. Óbirt B-ed ritgerð: Háskóli Íslands. Menntavísindasvið. Sótt 2. maí 2014 af: <http://hdl.handle.net/1946/600>

- Hilmar Sigurjónsson og Börkur Hansen. (2010). Samskipti grunnskóla og foreldra erlendra barna. Rannókn gerð í tveimur grunnskólum á Austfjörðum. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (Ritstj.). *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 289-311). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- MacNaughton, G. og Williams, G. (2009). *Teaching Young Children: Choices in Theory and Practice* (2. útgáfa). New York : Open University Press.
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. (2006/2013). Sótt 2. maí 2014 af: http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/mannr_tindaskrifstofa/skjol/Lokastefnan_edursko_u_-_tilb._fyrir_vef.pdf.
- Renata Emilsson Pesková. (2013). Móðurmál. *Málfríður*, 29(1), 20-21.
- Samfélag fyrir alla. (2001). Sótt 2. maí 2014 af: <http://www.kopavogur.is/images/stories/StefnaiMalefnumUtlendinga.pdf>.
- Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010). Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (Ritstj.). *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 109-128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Sigurður Konráðsson. (2007). Íslenska: Móðurmál og annað. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 131-149). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Stritikus, T. T. og Varghese, M. M. (2010). Language diversity and schooling. Í J. A. Banks og C. A. McGee Banks (Ritstj.), *Multicultural Education: Issues and Perspectives*, (7. útgáfa) (bls. 298-303). Hoboken, NJ: John Wiley & Sons, Inc.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992. Sótt 2. maí 2014 af: <http://www.althingi.is/lagas/133b/1992018.2c5.html>
- Starfslýsingar leikskólakennara. Kjarasamningur Félags leikskólakennara og Launanevndar sveitarfélaga frá 2006. Sótt 2. maí 2014 af: <http://ki.is/?PageID=1188>
- Toshiki Toma. (2007). Fordómar og starf gegn fordómum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 57-73). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Þórdís Þórðardóttir. (2007). Menningarläsi ungra barna. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 273-297). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.